# FRÉTTABLAÐIÐ

169. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 23. JÚLÍ 2019





**Það var mikið fjör hjá þessum hressu krökkum í Nauthólsvíkinni í gær þar sem þau taka þátt í siglinganámskeiði á vegum Sigluness. Það er ekki að sjá að þeim hafi orðið meint af smá volki í sjónum en á námskeiðinu er farið yfir grunnatriði siglinga og róðurs. Öryggið er þó alltaf í fyrirrúmi og allir að sjálfsögðu í björgunarvesti.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir úr Nauthólsvík er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

# Stígi varlega til jarðar varðandi Uber

Formaður skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur segir að komi til þess að farveitur á borð við Uber hefji starfsemi í borginni þurfi að stíga varlega til jarðar. Uber geti bætt nýtingu á hverjum bíl en líka leitt til aukinnar umferðar.

**SAMGÖNGUMÁL** „Þetta er svolítið snúið mál og ekki hægt að mála þetta svart og hvítt. Borgarstjórn hefur lýst því yfir að hún styðji að fjöldatakmörkunum á leigubílum verði aflétt. Hins vegar þurfum við að stíga varlega til jarðar þegar kemur að svona fyrirtækjum eins og Uber,“ segir Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, formaður skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur.

Samkvæmt drögum að frumvarpi að nýjum lögum um leigubifreiðar stendur til að afnema fjöldatakmarkanir á leyfum til leigubílaaksturs. Eru slíkar takmarkanir ekki taldar samrýmast EES-samningnum. Málið er nú til frekari vinnslu hjá stjórnvöldum þar sem meðal annars er unnið úr þeim athugasemdum sem bárust meðan það var til umsagnar í samráðsgátt. Meðal þess sem hefur verið gagnrýnt er að í frumvarpinu sé verið að setja íþyngjandi skilyrði sem komi í veg fyrir að farveitur á borð við Uber geti hafið starfsemi á Íslandi. Sigurborg segist óttast að komi til þess að Uber og sambærileg fyrirtæki hefji rekstur í Reykjavík muni það leiða til aukinnar umferðar.



**Sigurborg Ósk Haraldsdóttir.**

„Það er mjög gott að fá betri nýtingu á hverju farartæki fyrir sig en það er hins vegar ekki gott fyrir borgina og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu ef umferðin er að fara að aukast vegna tilkomu þessara fyrirtækja. Það hefur sýnt sig að það hefur gerst í öðrum borgum.“

Fyrir borgina snúist þetta um að minnka umferð til að ná markmiðum Parísarsamkomulagsins um minni útblástur. „Þetta snýst líka um betri landnotkun. Það er praktískt fyrir okkur að hafa færri bílastæði og nýta borgina betur. Uber getur hjálpað til við þetta en getur líka aukið umferð. “

Borgin vilji fá fleiri leigubíla þar sem nýting hvers bíls sé mjög góð en huga þurfi vel að því hvernig Uber myndi þróast í borginni. **– sar**

## Veitingahúsið Hornið 40 ára

**TÍMAMÓT** Veitingastaðurinn Hornið sem er á mótum Hafnarstrætis og Pósthússtrætis í Reykjavík fagnar 40 ára afmæli í dag. „Hugmyndin var að opna stað sem hefði létt og bjart yfirbragð en með ítölskum blæ,“ segir veitingamaðurinn Jakob H. Magnússon, sem hefur rekið fjölskyldufyrirtækið á sömu kennitölu allt frá upphafi.

„Í því starfsumhverfi veitingastaða sem nú er ætti það að þykja merkilegt. Ég er stoltur af þessu,“ segir Jakob sem ætlar að vera með opið hús frá klukkan fjögur og fram eftir kvöldi.



**– ds** **/ sjá síðu 14**

## Safnað einni og hálfri milljón

**LÍFIÐ** Þeir Sturlaugur Haraldsson og Ivan Elí Du Teitsson hafa safnað rúmlega einni og hálfri milljón króna fyrir hin ýmsu góðgerðarfélög í gegnum verkefni sitt Charity Shirts.

Þar geta einstaklingar keypt eins konar happdrættismiða á þúsund krónur og unnið treyjur íþróttafólks. Nú stendur yfir uppboð á treyju Dagnýjar Brynjarsdóttur, landsliðskonu í fótbolta. Hæsta fjárhæðin kom þegar keppt var um treyju Rúriks Gíslasonar.



**– ssþ** **/ sjá síðu 22**

## 300 leikir og hvergi hættur

**FÓTBOLTI** Óskar Örn Hauksson, leikmann KR, vantar aðeins 21 leik til að taka fram úr Birki Kristinssyni sem leikjahæsti leikmaður í efstu deild á Íslandi. Óskar spilaði sinn 300. leik í efstu deild þegar KR og Stjarnan skildu jöfn, 2:2, á sunnudag. Óskar hefur skorað 73 mörk í þessum 300 leikjum. Alls hefur hann, samkvæmt heimasíðu KSÍ, spilað 423 leiki og skorað 103 mörk.

„Ég pæli samt svo lítið í baksýnisspeglinum. Ég er ekkert farinn að skoða fortíðina,“ segir Óskar. **– bbh**



**/ sjá síðu 12**




## Veður




Norðaustlæg eða breytileg átt, 3-8 m/s og dálítil væta NA-lands, bjartviðri NV til. Bjart með köflum V-lands á morgun en síðdegisskúrir SV til. Hiti 8 til 18 stig, hlýjast SV-lands. SJÁ SÍÐU 16

# Fórnarlambanna í Útey minnst



Ungir jafnaðarmenn stóðu í gærkvöldi fyrir minningarathöfn við Norræna húsið en þá voru átta ár liðin frá hryðjuverkunum í Útey og Ósló þar sem 77 manns voru myrt. Nikólína Hildur Sveinsdóttir, formaður Ungra jafnaðarmanna, flytur hér ávarp en auk hennar tóku til máls þau Guðmundur Andri Thorsson, þingmaður Samfylkingarinnar, og Aud Lise Norheim, staðgengill sendiherra Noregs á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Vill fá að setja upp skilti

**SKAGAFJÖRÐUR** Sigurjón Þórðarson, fyrrverandi þingmaður, og sambýliskona hans, Svava Ingimarsdóttir, eru ósátt við að fá ekki að setja upp auglýsingaskilti nálægt sundlauginni á Hofsósi. Beiðninni var hafnað þar sem það yrði innan um íbúðabyggð. Á þessum stað er hins vegar nú þegar auglýsingaskilti fyrir safn á Sauðárkróki.

Umrætt skilti yrði fyrir Ás prjónagallerí sem Svava rekur á Hofsósi. Skiltið sem nú þegar er á staðnum auglýsir Puffin and Friends. Sigurjón sendi bréf þar sem hann óskaði eftir að ákvörðuninni yrði snúið við og vísaði í jafnræðisreglu.

„Það er sofandaháttur gagnvart Hofsósi,“ segir Sigurjón. „Ef það á að byggja eitthvað upp þá verður að fá að kynna þá starfsemi á staðnum.“

Hann segir einnig að svarið hafi borist seint sem sé bagalegt í ljósi þess að aðalferðamannatíminn sé rúmlega hálfnaður. Ef ekki verður orðið við endurupptökunni hyggst Sigurjón fara með málið til æðra úrskurðarvalds en það tekur marga mánuði.

Jón Örn Berndsen, skipulags- og byggingafulltrúi, segir að það sé ekki stefna sveitarfélagsins að skilti fái að vera á stöðum sem þessum. Puffin and Friends hafi fengið tímabundið leyfi til tveggja ára, sveitarstjórnin hafi verið að „fikra sig áfram“. Nú sé leyfið útrunnið en handvömm hafi valdið því að það hafi ekki verið tekið niður. „Það á ekki að mismuna fólki,“ segir Jón.



Puffin and Friends hafa verið í samstarfi við sveitarfélagið um rekstur upplýsingamiðstöðvar á Sauðárkróki. – khg



Verð á fatnaði og skóm lækkaði vegna útsala. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Verðbólga 3,1 prósent í júlí

**EFNAHAGSMÁL** Vísitala neysluverðs í júlímánuði mældist 468,8 stig og lækkaði um 0,2 prósent milli mánaða. Tólf mánaða verðbólga er 3,1 prósent en án húsnæðisliðar er hún 2,8 prósent. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Hagstofunni.

Þar segir að sumarútsölur leiði til verðlækkunar á fötum og skóm um rúm ellefu prósent. Þá hafi verð á húsgögnum lækkað um rúm níu prósent. Hins vegar hækkuðu flugfargjöld um rúm sex prósent og verð á hótelum og veitingastöðum um tæp tvö prósent. – sar




# Sunnlensk hross dópuð af kannabis

**Undarleg hegðun nokkurra hrossa á Suðurlandi hratt af stað rannsókn hjá MAST fyrir nokkrum árum. Þau titruðu en höfðu góða matarlyst. Eftir fyrirspurnir til bandarískra lækna kom í ljós að hrossin höfðu innbyrt kannabisplöntur.**

**DÝRAVERND** Málið kom upp í tíð Katrínar Andrésdóttur, héraðsdýralæknis Suðurlands, en hún lét af embætti árið 2011. Katrín staðfestir að þessi grunur hafi komið upp á sínum tíma en vildi ekki frekar tjá sig um málið. Sigríður Björnsdóttir hjá MAST, sem er sérfræðingur í hrossasjúkdómum, segir einnig að það hafi verið grunur um þetta á sínum tíma.

Mia Hellsten dýralæknir kom að málinu fyrir röð tilviljana en umræddir hestar voru ekki í eigu hennar skjólstæðinga. „Það var verið að skoða hvað væri að þessum hestum“ segir Mia. „Þarna lék grunur á að um væri að ræða nýjan taugasjúkdóm.“

Helstu einkennin hjá hestunum voru ósamræmdar hreyfingar. Þeir voru titrandi og með mjög óeðlilegan gang en samt ekki veiklulegir eða með hita.

Mia hafði samband við félag hestadýralækna í Bandaríkjunum, sem heitir AAEP. Á opnum vettvangi þar sendi hún lýsingu á einkennum og myndband af hestunum.

„Það komu fram alls kyns tilgátur um taugasjúkdóma. Loks sagði einn að þetta líktist hundi sem hann fékk inn á stofuna hjá sér, og hafði komist í kannabiskökur eigandans. Þegar prófanir voru gerðar á hestunum kom jákvætt út úr kannabisprófinu.“



Sunnlensk hross. Myndin tengist fréttinni ekki beint. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **Þeim sem voru að skoða þetta fannst einmitt mjög skrýtið að þó þeir væru með svona mikil einkenni þá höfðu þeir góða matarlyst.**
>
> Mia Hellsten dýralæknir

Ekki var farið lengra með málið en talið var líklegt að hestarnir hefðu komist í haug þar sem kannabisplöntur voru. Hversu mikið er ekki vitað, en að minnsta kosti nóg til að gera nokkra hesta vel freðna.

Mia segir að hrossunum hafi ekki orðið varanlega meint af.

„Þeim sem voru að skoða þetta fannst einmitt mjög skrýtið að þó þeir væru með svona mikil einkenni þá höfðu þeir góða matarlyst.“

kristinnhaukur@frettabladid.is

# Hreinsun!

# 80%

## afsláttur af öllum vörum

**Herra lagerinn outlet**

*líka fyrir konur*

Opið virka daga frá kl. 11 til 18 laugardaga frá kl. 11 til 17 Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)

# Umhverfisstofnun segir mikilvægt að lofta vel um nýjar dýnur

**HEILBRIGÐISMÁL** Mikilvægt er að lofta vel út úr svefnherberginu þegar ný rúmdýna er tekin í notkun til koma í veg fyrir óþægindi af völdum rokgjarnra efna. Þetta segir teymisstjóri efnamála hjá Umhverfisstofnun.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá í síðustu viku eyddi Þórdís Jóhannsdóttir Wathne stórum hluta síðasta vetrar í veikindum en í vor beindist grunur hennar að dýnunni sem hún svaf á. Ekki liggur fyrir hvort dýnan var í raun sökudólgurinn en veikindi Þórdísar heyra sögunni til nú þegar dýnan er horfin af heimilinu.



Gott er að lofta vel um nýjar dýnur. NORDICPHOTOS/GETTY

„Það sem neytendur geta gert er að lofta vel um dýnurnar þegar þær eru keyptar,“ segir Björn Gunnlaugsson, teymisstjóri á Umhverfisstofnun. „Þetta eru efni sem losna úr dýnunum og berast inn í líkamann í gegnum öndunarfæri og húð. Við segjum að þau séu rokgjörn og þau losna smátt og smátt úr dýnunum, en hraðast fyrst. Því er mikilvægt að lofta reglulega vel út úr svefnherberginu og sérstaklega fyrst eftir að dýnur eru teknar í notkun.“

Þessi mál einskorðast ekki við Ísland. „Við erum í norrænu samstarfi, þar sem Finnar hafa meðal annars verið að vinna í þessu. Þeir eru þó ekki að efnagreina þessar dýnur, það er bæði mjög kostnaðarsamt og ekki talið líklegt til að leysa vandann,“ segir Björn.

Áhersla sé lögð á að leiðbeina neytendum en auk þess að vinna með dýnuframleiðendum að draga úr innihaldi þeirra efna sem grunuð eru um að valda einkennunum. **– ab**

## Jarðamál ekki enn þá rædd innan SÍS

**STJÓRNMÁL** Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir að vafalaust verði jarðamál skoðuð þegar fulltrúar snúa til baka úr sumarfríum.

„Einstök sveitarfélög hafa örugglega myndað sér skoðanir á nýtingu jarða en Sambandið hefur ekki fjallað um þetta enn þá,“ segir Aldís.

Forkaupsréttur sveitarfélaga á jörðum var afnuminn árið 2004. Aldís er sammála forvera sínum, Halldóri Halldórssyni, um að það gæti verið hald í því fyrir sveitarfélögin að fá það ákvæði aftur inn í lögin.

Fulltrúar stjórnvalda hafa boðað herta löggjöf um jarðakaup auðmanna. En Haraldur Benediktsson, þingmaður, og fleiri hafa haldið því fram að sveitarfélögin hafi nú þegar þau úrræði til að stýra þróun byggðar og eignarhalds á jörðum.

„Það er óumdeilt að sveitarfélögin fara með skipulagsvaldið,“ segir Aldís. „En það er erfitt fyrir sveitarfélögin að hafa þau áhrif sem þau myndu vilja á meðan lagaumhverfið er eins og það er. Ef útlendingur kaupir jörð þá er ekki þar með sagt að ábúð sé ekki með ágætum á henni.“

Hún gerir jafnframt ráð fyrir því að ef farið verður í lagabreytingar umfram skipulagsvald sveitarfélaga, þá verði SÍS þátttakandi í þeirri umræðu. **– khg**

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið
Fáðu Fréttablað dagsins í tölvupósti kl. 3.00 á morgnana. Skráðu þig á póstlista blaðsins á www.frettabladid.is#nyskraning
Það kostar ekkert.

# Styttist óðum í að íslenskt grænmeti komi í búðirnar

**Guðni Hólmar Kristinsson, framkvæmdastjóri afurðasviðs Sölufélags garðyrkjumanna, segir veðrið í sumar hafa verið garðyrkjubændum mjög gott. Þeir eigi von á góðri uppskeru. Nýjar kartöflur eru almennt komnar í búðir. Spergilkál og blómkál er væntanlegt innan tíðar. Gulrætur fylgja í kjölfarið.**



Uppskerutímabil útiræktaðs grænmetis á Íslandi er fremur stutt. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**LANDBÚNAÐUR** „Það er að minnsta kosti komið sýnishorn af flestu,“ segir Guðni Hólmar Kristinsson, framkvæmdastjóri afurðasviðs Sölufélags garðyrkjumanna, um það hvernig gangi að koma sumaruppskerunni af íslensku grænmeti í verslanir.

„Kartöflurnar eru komnar á fullt, má segja, og ættu að vera til í flestum búðum. Annað af þessu útiræktaða er kannski ekki alveg komið á fullan skrið enn þá en það fer að koma töluvert af spergilkáli seinni partinn í þessari viku eða í næstu viku,“ segir Guðni. Síðan muni aðrar tegundir fylgja koll af kolli.

„Blómkál og kínakál verður vonandi komið á fullt um mánaðamótin og gulrætur eru aðeins byrjaðar og það ætti að bætast við með hverri viku og um miðjan ágúst ættum við að sjá töluvert af gulrótum í búðum,“ heldur Guðni áfram. Kínakál kemur reyndar oft í lok júní en það verður sennilega ekki fyrr en í ágúst núna. „Þannig að það er alveg

> **Blómkál og kínakál verður vonandi komið á fullt um mánaðamótin og gulrætur eru aðeins byrjaðar.**
>
> Guðni Hólmar Kristinsson, framkvæmdastjóri afurðasviðs Sölufélags garðyrkjumanna



mánuði seinna.“

Þessar tegundir verða síðan í boði fram á haust. „Blómkál og spergilkál klárast yfirleitt í október eða nóvember,“ nefnir Guðni sem dæmi.

Um verðlag segir Guðni litlar breytingar vera á milli ára. „Það eru náttúrlega einhverja vísitölubreytingar,“ útskýrir hann. Ekki sé um að ræða toppa og lægðir eftir framboðinu. „Tímabilið er auðvitað mjög stutt fyrir blómkál og spergilkál og framboðið helst yfirleitt stöðugt þann tíma.“

Tíðin í sumar hefur að sögn Guðna verið hagstæð garðyrkjubændum. „Það hefur kannski vantað vætu þetta árið en þá eru menn bara að vökva á fullu. Ef menn eru í þessu þurfa þeir að vera búnir undir að vökva,“ segir hann. Uppskera ársins lítur því mjög vel út. „Flestar tegundir ættu að vera á góðu róli.“

Stórir jarðarberjaframleiðendur undir hatti Sölufélags garðyrkjumanna voru þrír en eru nú tveir eftir að gróðurhús skemmdist hjá einum þeirra í fyrravetur. Framboðið er því minna en Guðni segir það ekki valda erfiðleikum. „Það er verið að flytja inn jarðarber og þetta er bara brot af magninu og það hefur gengið vel í íslensku jarðarberjunum þetta árið.“ **gar@frettabladi.is**




# Fleiri mál kláruð þrátt fyrir manneklu

**STJÓRNSÝSLA** Ákærusvið lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu afgreiddi að meðaltali fleiri mál í mánuði í fyrra en síðastliðin þrjú ár á undan (2015-2017). Þetta sýna tölur frá embættinu.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær eru yfir sex þúsund mál til meðferðar hjá sviðinu og hefur farið mjög fjölgandi á undanförnum árum.

Hulda Elsa segir það kraftaverki líkast að sviðið hafi getað haldið í horfinu og gott betur þrátt fyrir að hafa misst fólk til annarra embætta og fjölgun mála á sama tíma.

Hulda segir að þrátt fyrir manneklu hjá ákærusviði á undanförnum árum, verði henni ekki kennt um þá fjölgun mála sem eru til meðferðar á sviðinu heldur skýrist hún fyrst og fremst af því að fleiri mál komi inn á ákærusvið frá þjónustu- og rannsóknardeildum en áður. Þá hafi orðið raunfjölgun í tilteknum málaflokkum. Þar vegur þyngst mikil fjölgun mála sem varða ölvunarakstur og akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna.

Eins og afbrotatölfræði embættisins fyrir júnímánuð sýnir hefur orðið sprenging í málum varðandi fíkniefnaakstur en 45 prósent fjölgun hefur orðið í skráningu slíkra brota í samanburði við sama tímabil síðustu þriggja ára. Ölvunarakstursbrotum hefur einnig fjölgað umtalsvert eða um 18 prósent. **– aá**

**Heildarfjöldi mála og afgreidd mál**
meðaltal á mánuði

| Ár | Fjöldi mála á ákærusviði | Fjöldi afgreiddra mála á mánuði |
|---|---|---|
| 2015 | 1957 | 685 |
| 2016 | 2371 | 758 |
| 2017 | 3141 | 656 |
| 2018 | 5769 | 803 |

> **Það er kraftaverki líkast að sviðið hafi getað haldið í horfinu og gott betur.**
>
> Hulda Elsa Björgvinsdóttir, sviðsstjóri ákærusviðs LRH



**45%**

**fjölgun varð á innkomnum fíkniefnaakstursbrotum í júní samanborið við sama tímabil þriggja síðustu ára.**

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á WWW.BILALAND.IS

**Ný og ómótstæðileg tilboð daglega!**

# LAGER SALA

AFSLÁTTUR 500.000 KR.




**VW Golf Variant Trendline**
Nýskr. 05/16, ekinn 88 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.290.000 kr.

**TILBOÐ!**
**1.790.000 kr.**

AFSLÁTTUR 700.000 KR.




**BMW X1 Xdrive18d**
Nýskr. 05/16, ekinn 96 þ.km, dísel, sjálfskiptur.
Verð 3.990.000 kr.

**TILBOÐ!**
**3.290.000 kr.**

AFSLÁTTUR 500.000 KR.




**RENAULT Megane Sport Tourer Limited.** Nýskr. 06/16, ekinn 73 þ.km, dísel, sjálfskiptur.
Verð 2.190.000 kr.

**TILBOÐ!**
**1.690.000 kr.**

AFSLÁTTUR 500.000 KR.




**HYUNDAI Santa Fe III Comfort**
Nýskr. 06/15, ekinn 110 þ.km, dísel, sjálfskiptur.
Verð 3.890.000 kr.

**TILBOÐ!**
**3.390.000 kr.**

AFSLÁTTUR 400.000 KR.




**HYUNDAI I20 Classic**
Nýskr. 06/13 ekinn 113 þ.km, dísel, 6 gírar.
Verð 1.190.000 kr.

**TILBOÐ!**
**790.000 kr.**

AFSLÁTTUR 700.000 KR.




**RENAULT Kadjar Zen 4wd**
Nýskr. 04/17, ekinn 83 þ.km, dísel, 6 gírar.
Verð 3.090.000 kr.

**TILBOÐ!**
**2.390.000 kr.**

AFSLÁTTUR 700.000 KR.




**NISSAN Qashqai Acenta 4wd**
Nýskr. 06/16, ekinn 42 þ.km, dísel, 6 gírar.
Verð 3.290.000 kr.

**TILBOÐ!**
**2.590.000 kr.**

AFSLÁTTUR 600.000 KR.




**BMW 5 520d Xdrive**
Nýskr. 01/16, ekinn 54 þ.km, dísel, sjálfskiptur.
Verð 4.990.000 kr.

**TILBOÐ!**
**4.390.000 kr.**

ENNEMM / SÍA / NM94948

## LAGERSALA BÍLALANDS ER Í FULLUM GANGI!

Nýlegir notaðir bílar á tilboðsverði sem slær allt annað út.

- ÁSTANDSSKOÐUN
- ALLT AÐ 80% LÁN
- FJÁRMÖGNUN Á STAÐNUM



www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is
**Opið frá kl. 9–18 alla virka daga og laugardaga frá kl. 12–16**

Bílaland - Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

**bílaland**

# Ætla að bjóða þyrluflug í fólkvanginum í Glerárdal

**FERÐAÞJÓNUSTA** Félagið Circle Air hyggst selja fjallahjólreiðafólki þyrluferðir í fólkvanginum í Glerárdal svo það geti hjólað niður fjöll, og einnig aðstandendum þátttakenda í „Sulur Vertical“ utanvegahlaupinu.

Umhverfisstofnun óskaði eftir betri upplýsingum um málið frá Circle Air eftir að leyfisumsókn barst. Vildi stofnunin fá að vita hversu margar ferðir væri áætlað að fljúga á hverjum degi og á hvaða tímum dags. Sömuleiðis hvernig lendingarsvæði þyrlu yrði afmarkað til að tryggja öryggi annarra gesta á svæðinu.

„Ég reikna með að hámarki þremur til sjö ferðum á dag þetta tímabil. Þetta verður seinni part dags fram til níu til tíu um kvöld,“ segir í svari frá Þorvaldi Lúðvík Sigurjónssyni, forsvarsmanni Circle Air. „Lendingarsvæði verður afgirt í grennd við bílaplan, en sé ekki hægt að veita viðunandi vernd/tryggja öryggi, myndum við alltaf fara frá Akureyrarflugvelli.“

Umhverfisstofnun óskaði þá eftir umsögn bæjarráðs Akureyrar sem samþykkti samhljóða að gera ekki athugasemd við umsóknina. Þyrluferðirnar eru áætlaðar frá og með morgundeginum og fram á sunnudag og svo aftur 1. til 4. ágúst. **– gar**

**Sé ekki hægt að veita viðunandi vernd/tryggja öryggi, myndum við alltaf fara frá Akureyrarflugvelli.**

Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, forsvarsmaður Circle Air










Ondřej Šmakal, forstjóri Kredia Group Ltd., hefur fundað með fulltrúm Umboðsmanns skuldara hér á landi. Vildi hann þá lítið ræða starfshætti fyrirtækisins sem býður nú skammtímalán á 53,7 prósenta vöxtum. MYND/KREDIA

# Ráðleggur neytendum að forðast eCommerce

**Lánafyrirtækið eCommerce 2020, sem rekur smálánafyrirtækin Kredia, Hraðpeninga og fleiri, hefur lækkað vexti niður í þá hæstu leyfilegu samkvæmt lögum. Framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna hefur efasemdir.**

**NEYTENDUR** „Það er vissulega ánægjulegt að fyrirtækið tilkynni það að það sé hætt í ólöglegri lánastarfsemi, þó það nú væri. Það er þó enn að innheimta ólögleg lán,“ segir Brynhildur Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna.

Smálánafyrirtækið eCommerce 2020 Aps, í eigu Kredia Group, sendi frá sér fréttatilkynningu í gær þar sem kynnt var nýtt skammtímalán á 53,7% vöxtum.

Vextirnir eru nákvæmlega innan marka laga um heildarlántökukostnað sem má aldrei verða hærri en 50 prósent af lánsfjárhæðinni ásamt stýrivöxtum Seðlabankans.

Samkvæmt tilkynningunni verður hætt að veita smálán í núverandi mynd, óvíst er hvað verður um starfsemi Hraðpeninga, Kredia, 1919 og Múla, sem hafa veitt smálán í íslenskum krónum í gegnum lén í Danmörku. Hér á landi sér fyrirtækið Almenn innheimta ehf., sem skráð er á Siglufirði, um að innheimta skuldir við smálán.

Neytendasamtökin sendu frá sér tilkynningu fyrir helgi þar sem skorað var á Almenna innheimtu ehf. að hætta að innheimta smálánaskuldir. Brynhildur segir að sú krafa standi, einnig í ljósi þess að dæmi séu um að innheimtufyrirtækið hefur sjálft lánað skuldurum til að greiða upp smálánið og þannig náð að eyða lagalegum vafa um skuldina.

**Við gerum þá kröfu að fyrirtækið hætti innheimtu á þessum ólöglegu lánum í gegnum Almenna innheimtu.**

Brynhildur Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna



„Almenn innheimta er að innheimta ólögmætar kröfur og neita lántakendum um skýra sundurliðun á kröfum svo að það sjáist svart á hvítu hver vaxtakostnaðurinn er. Á sama tíma og þeir hóta fólki með vanskilaskráningu gefa þeir sér langan tíma til að finna út úr því hvernig krafan er tilkomin eða allt að 90 daga. Við gerum þá kröfu að fyrirtækið hætti innheimtu á þessum ólöglegu lánum í gegnum Almenna innheimtu,“ segir Brynhildur.

Ondřej Šmakal, forstjóri Kredia Group Ltd., segir í tilkynningunni að verið sé að „virða óskir og væntingar“ sem tengjast hraðri þróun á „fjártengdum vörum fyrir Norður-Evrópumarkað“. Það skal tekið fram að fyrirtækið hefur til þessa eingöngu lánað til Íslendinga og stundað markaðssetningu hér á landi, þar með talið að senda óumbeðin smáskilaboð.

Smálánafyrirtæki hafa fleiri tól en vexti, til dæmis flýtigjald eða svokallaða rafbók. Samkvæmt lögum sem Alþingi setti til höfuðs smálánafyrirtækjunum árið 2013 má heildarlántökukostnaður aldrei verða hærri en 50 prósent af lánsfjárhæðinni auk Seðlabankavaxta. Brynhildur er ekki sannfærð að lántökukostnaðurinn verði innan löglegra marka. „Miðað við reynsluna af þessu fyrirtæki þá getum við ekki ráðlagt neytendum að stunda viðskipti við það.“ **arib@frettabladid.is**

# Ólafur Ragnar fer í stjórn Kerecis

**VIÐSKIPTI** Ólafur Ragnar Grímsson, fyrrverandi forseti Íslands, mun taka sæti í stjórn íslenska nýsköpunarfyrirtækisins Kerecis á hluthafafundi sem hefur verið boðaður fimmtudaginn 1. ágúst næstkomandi.

Í fundarboði til hluthafa Kerecis, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, er greint frá því að Ólafur Ragnar hafi verið tilnefndur til þess að taka sæti í stjórn félagsins í stað Hilmars Braga Janussonar, forstjóra líftæknifyrirtækisins Genís á Siglufirði. Kerecis er með höfuðstöðvar sínar og framleiðslu á Ísafirði, sem er jafnframt heimabær Ólafs Ragnars, en félagið framleiðir afurðir sem byggðar eru affrumuðu þorskroði sem inniheldur fjölómettaðar fitusýrur. Afurðirnar hafa jákvæð áhrif á frumuvöxt og eru seldar til meðhöndlunar á þrálátum sárum og brunasárum.



Guðmundur F. Sigurjónsson forstjóri og Ólafur Ragnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kerecis lauk fyrr á þessu ári fjármögnun fyrir sextán milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði rúmlega tveggja milljarða króna. Á meðal þeirra sem bættust þá við hluthafahóp Kerecis voru samtökin Emerson Collective, sem voru stofnuð af Laurene Powell Jobs, ekkju Steve Jobs, stofnanda Apple. Miðað við almenna gengið í hlutafjárhækkuninni gæti virði Kerecis verið allt að 12,4 milljarðar króna. **– hae**


Allt fyrir gönguferðina
Vango Banshee 200
5000mm vatnsheldni
Verð 32.995,-
Hilleberg Nallo 2GT
5000mm vatnsheldni
Verð 147.995,-
Vango Scafell 200+
5000mm vatnsheldni
Verð 36.995,-
Vango Tempest Pro 300
5000mm vatnsheldni
Verð 45.995,-
Mammut Kompakt MTI
3-season
Verð 29.995,-
Gregory Amber 34L
Verð 22.995,-
Húfur og vettlingar
í miklu úrvali
Mammut Nair Hooded Jacket
Women
Verð 17.595,-
Klymit Insulated
Static V Lite
6.4cm
Verð 18.995,-
Princeton Tec Axis
Verð 7.595,-
Vango Pottasett 1 manns
Verð 4.995,-
Rudy Project Stratofly
Verð 13.995,-
KYLLING KARRI
REAL TURMAT
Mammut Kento High GTX
Verð 32.995,-
Vango Pico
göngustafir
Verð 7.995,-
PRIMUS
Mammut Hiking Pants
Verð 12.995,-
Real Turmat
yfir 15 tegundir
Verð frá 2.095,-
Primus Lite
Verð 22.995,-
MAMMUT
SWISS 1862
KLYMIT
PRIMUS
Vango
Princeton Tec
HILLEBERG
THE TENTMAKER
RUDY PROJECT
GREGORY
EVEREST
Skeifunni 6 · www.everest.is



**Mótmælt af krafti.** NORDICPHOTOS/AFP

## Fjöldamótmæli á Púertó Ríkó

**BANDARÍKIN** Þúsundir flykktust út á götur Púertó Ríkó í gær til þess að mótmæla Ricardo Roselló ríkisstjóra og krefjast afsagnar hans. Styr hefur staðið um Roselló undanfarna daga, eða allt frá því að hundruð einkaskilaboða á milli hans og nánustu samstarfsmanna láku út í síðustu viku.

Meðal þess sem kom fram í skilaboðunum var að Roselló sagði að hann yrði feginn ef Yulí Cruz, borgarstjóri San Juan, yrði skotinn og að söngvarinn Ricky Martin væri svo mikil karlremba að hann þyrfti að sænga hjá körlum í stað kvenna. Martin er samkynhneigður. Þá skrifaði Roselló einnig um Melissu Mark-Viverito, fyrrverandi forseta borgarráðs New York-borgar, og sagði einhvern þurfa að „berja þessa hóru“.

Útlit var fyrir, samkvæmt meðal annars BBC, að mótmæli gærdagsins yrðu þau mestu í sögu Púertó Ríkó. Þau voru ekki afstaðin þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Roselló baðst afsökunar í myndbandi sem hann birti á Facebook á sunnudag og gekkst við því að hafa gert mistök. Hann hafnaði því að segja af sér heldur sagðist ætla að reyna að vinna aftur traust eyjaskeggja. **– þea**

## Sanchez biðlar til spænskra þingmanna

**SPÁNN** Pedro Sanchez, starfandi forsætisráðherra Spánar, ávarpaði spænska þingið í gær og sóttist eftir stuðningi sem flestra til þess að mynda nýja ríkisstjórn. Hann mun halda áfram að leita stuðnings fram á fimmtudag þegar gengið verður til atkvæðagreiðslu.

Sósíalistaflokkur Sanchez fékk 123 sæti af 350 í kosningum aprílmánaðar og þarf því stuðning annarra flokka til að geta myndað það sem væntanlega yrði minnihlutastjórn. Nærri óhugsandi er að Lýðflokkurinn, 66 sæti, Borgaraflokkurinn, 57 sæti, og Vox, 24 sæti, styðji Sánchez og þarf hann því að leita til vinstriflokksins Podemos sem og ýmissa smáflokka. Til að mynda flokka baskneskra og katalónskra sjálfstæðissinna.

„Það er ekki auðvelt að gera samninga, en við stöndum saman um sjónarmið vinstrisins,“ sagði Sanchez sem virtist einkum beina orðum sínum að Podemos. Hann ræddi hins vegar ekki um Katalóníumálið sérstaklega.

**Það er ekki auðvelt að gera samninga.**

Pedro Sanchez, starfandi forsætisráðherra Spánar

Það gerðu þingmenn Vox, Borgaraflokksins og Lýðflokksins hins vegar. Santiago Abascal, leiðtogi þjóðernisöfgaflokksins Vox, sagði til að mynda að Sósíalistar „hótuðu því að mynda ríkisstjórn með hryðjuverkamönnum og aðskilnaðarsinnum“. **– þea**

## Út í geim




**Það mátti sjá taumlausa gleði viðstaddra þegar indverska geimferðastofnunin skaut eldflaug af gerðinni Chandrayaan-2 á loft frá Sriharikota í Andraríki í gær. Um borð er vél sem ætlað er að lenda á tunglinu. Vilja Indverjar þannig raða sér í hóp fremstu ríkja á sviði geimferða.** NORDICPHOTOS/AFP

# Bretar vilja að Evrópa verndi skip á Persaflóa vegna Írans

**Utanríkisráðherra Breta vill evrópskt samstarf, án leiðsagnar Bandaríkjanna, um vernd skipa á Persaflóa vegna aðgerða Íransstjórnar. Íranar kyrrsettu breskt skip fyrir helgi. Segjast hafa handsamað sautján njósnara frá bandarísku leyniþjónustunni en Bandaríkjaforseti segir það ósatt.**



**Stjórnvöld í Íran eiga nú í erfiðum og eldfimum deilum við Vesturlönd.** NORDICPHOTOS/AFP

**ÍRAN** Breska ríkisstjórnin lagði í gær til að Evrópuríki myndu vinna saman að því að slá skjaldborg um evrópsk skip á Persaflóa eftir að Íransstjórn kyrrsetti breska olíuflutningaskipið Stena Impero fyrir helgi. Jeremy Hunt utanríkisráðherra sagði að þetta hugsanlega samstarf myndi snúast um að vernda áhafnir og farm gegn „ólöglegum ríkisstuddum sjóránum Írans“.

Kyrrsetningin á Stena Impero er einn nýjasti þátturinn í sífellt eldfimari deilu Írans og Vesturlanda. Bretar kyrrsettu íranska olíuflutningaskipið Grace 1 við Gíbraltar fyrr í mánuðinum vegna meintra brota gegn viðskiptabanni. Deilur Írans og Bandaríkjanna eru öllu erfiðari og eiga rætur sínar í því er Donald Trump forseti rifti JCPOA-kjarnorkusamningnum, sem sjö ríki gerðu við Íran um frystingu kjarnorkuáætlunar gegn afléttingu þvingana árið 2015.

Þessi samningur, sem Bandaríkin ein hafa rift þótt Íransstjórn dragi nú vissulega úr fylgni við samningsákvæði, sagði Hunt að væri ástæða þess að Bretar vildu frekar fara Evrópuleiðina en að taka þátt í því að auka efnahagsþrýsting svo mjög á Íran líkt og Trump-stjórnin hefur lagt til. Bretar eru áfram aðili að samningnum og hafa reynt, einkum með Frökkum og Þjóðverjum, að halda Írönum við samningsákvæðin. Það hefur ekki borið árangur og finnst Írönum Evrópuríkin ekki gera nóg til að skýla þeim fyrir nýjum, bandarískum þvingunum.

Hunt sagði aukinheldur að Bretar hafi hafnað því að Bandaríkin leiddu verndarverkefnið á Persaflóa. Sagði hann það gert í von um að sem flest ríki tækju þátt og gaf samkvæmt The Guardian þannig í skyn að ýmis Evrópuríki myndu ekki vilja taka þátt ef Bandaríkin væru við stýrið.

Ali Rabiei, upplýsingafulltrúi Íransstjórnar, sagði kyrrsetninguna eðlilegt svar. „Þegar þið kyrrsetjið skip ólöglega í Gíbraltar finnst okkur ekki nauðsynlegt að sýna umburðarlyndi á móti. Sum ríki hafa kallað eftir tafarlausri lausn breska skipsins. Við förum fram á að þessi ríki biðji um hið sama fyrir okkar skip.“ **thorgnyr@frettabladid.is**

### Meintir dauðadómar

Íransstjórn sagði frá því í gær að sautján njósnarar úr röðum bandarísku leyniþjónustunnar CIA hafi verið handteknir og sumir hverjir dæmdir til dauða. Upplýsingamálaráðuneyti landsins sagði, að því er breska ríkisútvarpið greinir frá, hina meintu njósnara hafa sankað að sér upplýsingum um meðal annars varnar- og kjarnorkumál.

Að sögn Donalds Trump Bandaríkjaforseta er þetta helber lygi. „Fregnir af því að Íran hafi handsamað CIA-njósnara eru algjörlega falskar. Núll sannleikur. Bara fleiri lygar og meiri áróður í boði ofsatrúaðrar ógnarstjórnar sem hefur mistekist algjörlega og hefur enga hugmynd um hvað skal gera. Hagkerfið þeirra er dautt og mun versna enn frekar. Íran er í algjöru rugli,“ tísti forsetinn.

Samkvæmt Írönum eiga njósnararnir sautján að vera íranskir ríkisborgarar, starfsmenn hers og kjarnorkuvera og ótengdir innbyrðis.

„Við höfum borið kennsl á bandaríska og erlenda njósnara á viðkvæmum svæðum og afhent þá dómskerfinu. Landsmenn verða upplýstir um gang mála í heimildarmynd,“ sagði Mahmoud Alavi upplýsingamálaráðherra á sunnudag.

Heimildarmyndin var svo sýnd á Press TV í fyrrinótt þar sem greint var frá því að Íranar hafi náð að komast inn í samskipti hinna meintu njósnara.



# Siglt og róið

Ljósmyndari Fréttablaðsins, Anton Brink, kíkti á þessa hressu krakka sem taka þátt í siglinganámskeiði á vegum Sigluness í Nauthólsvík.











1.08 - 5.08
KOTMÓT 2019
70 ÁR
Gleði
GRILLPARTÝ
SAMKOMUR
UNGLINGADAGSKRÁ
BARNAMÓT
KARNIVAL
JOHN MARK
BRAUÐSBROTNING
BÆNASTUNDIR
SÁLMASAMKOMA
BIO
Ítarleg dagskrá á kotmot.is
John Mark Comer er sérstakur gestur Kotmóts 2019
Vímulaus hátíð fyrir alla fjölskylduna
FJÖLBREYTT DAGSKRÁ FYRIR UNGA SEM ALDNA - ÓKEYPIS ER INN Á SVÆÐIÐ EN GREIÐA ÞARF FYRIR GISTINGU
Kotmót er kristileg fjölskylduhátíð sem haldin er í 70. skiptið í ár í Fljótshlíð, 10 mínútna akstur frá Hvolsvelli.
Hvítasunnuhreyfingin á Íslandi er mótshaldari. Allir eru hjartanlega velkomnir.
gospel Tónleikar
Samuel Ljungblahd
KK
Kristine Bærendsen
KÁNTRÝ VEISLA
Á KOTMÓTI
UNGLINGADAGSKRÁ
BARNAMÓT 2019
Minnum á skráningu á barnamót kotmot.is
www.kotmot.is
HVÍTASUNNUKIRKJAN Á ÍSLANDI
#kotmot

# Hvað gerðum við?



Sighvatur Arnmundsson
sighvatur@frettabladid.is

Þessa dagana berast okkur uggvænlegar fréttir af hitametum sem falla víða um heim. Hitabylgjur geisa í Evrópu og Norður-Ameríku með tilheyrandi þurrkum og uppskerubresti. Vísindamenn hafa staðfest að nýliðinn júnímánuður hafi verið heitasti júní í heiminum frá upphafi mælinga. Þá stefnir í að yfirstandandi mánuður verði heitasti mánuður sem mælst hefur í heiminum.

Í skýrslu bandarísku haf- og loftrannsóknastofnunarinnar NOAA er staðan dregin saman. Níu af tíu heitustu júnímánuðum sem mælst hafa í heiminum voru á síðasta áratug. Síðasti júnímánuður var sá fertugasti og þriðji í röð þar sem hitinn var yfir meðaltali en síðustu 414 mánuði hefur hiti í heiminum verið yfir meðaltali hvers mánaðar. Ísbreiðan á Suðurskautslandinu hefur aldrei verið minni í júnímánuði og á norðurskautinu hefur aðeins einu sinni áður verið minni ís á þessum árstíma.

Það er til marks um það hversu alvarleg staðan er orðin að svona fréttir eru hættar að komi fólki á óvart. Það er með engu móti hægt að horfa fram hjá þeirri staðreynd að hlýnun jarðar er nú að eiga sér stað á áður óþekktum hraða. Vissulega geta orðið sveiflur í þeirri þróun en hún er augljós og verður ekki stöðvuð nema með róttækum aðgerðum. Það á ekki að þurfa fleiri skýrslur eða langtíma áætlanir. Það þarf að gera eitthvað núna.

Vísindamenn á sviði loftslagsmála telja að hitabylgjum muni fjölga umtalsvert á næstu misserum verði ekkert að gert. Mannkynið þurfi að breyta hegðun sinni og draga verulega, eða jafnvel algjörlega, úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Þótt við Íslendingar þurfum kannski ekki að óttast miklar hitabylgjur eru afleiðingar hlýnunarinnar allt í kringum okkur. Þar er bráðnun jökla nærtækasta og skýrasta dæmið. Þannig varð Ok fyrsti íslenski jökullinn til að hverfa en fari fram sem horfir verða þeir allir horfnir á næstu tvö hundruð árum. Bandarískir vísindamenn sem frumsýndu á síðasta ári heimildarmynd um jökulinn fyrrverandi eru væntanlegir til landsins í næsta mánuði. Þeir ætla með táknrænum hætti að senda skilaboð til framtíðarinnar með því að setja minnisvarða á leifar jökulsins. Á minnisvarðanum stendur meðal annars: „Þetta minnismerki er til vitnis um að við vitum hvað er að gerast og hvað þarf að gera. Aðeins þú veist hvort við gerðum eitthvað.“

Það er okkar allra að sjá til þess að eitthvað verði gert þannig að sá sem lesi þessi skilaboð í framtíðinni standi ekki frammi fyrir þeirri skelfilegu heimsmynd sem við að óbreyttu erum að skapa.

**Það á ekki að þurfa fleiri skýrslur eða langtíma áætlanir. Það þarf að gera eitthvað núna.**





## Halldór





## Frá degi til dags

**Væntanlegar bombur**

Sú saga fer nú víða að Ellert B. Schram muni gefa út ævisögu sína á næstunni. Verður það án efa áhugaverð lesning enda var hann innvígður Sjálfstæðismaður áður en hann fór yfir í Samfylkinguna. Margt gerðist í flokkunum tveimur þegar Ellert var þar að tjaldabaki. Svo að ekki sé talað um íþróttahreyfinguna þar sem Ellert gegndi forystuhlutverki um árabil. Hljóta því margir að vera forvitnir og jafnvel eilítið smeykir um hvort Ellert komi með einhverjar bombur.

**Gengjastríð**

Vandræði Pírata virðast engan enda ætla að taka. Má ætla að áhersla þeirra á gagnsæi sé þeirra versti óvinur þegar kemur að innanflokksdeilum. Ólíkt öðrum flokkum þar sem flestir halda kjafti þegar flokkurinn er í vörn keppast Píratar við að opinbera sína upplifun af þessu drama sem nú er í umræðunni.

Í gær viðraði Halldór Auðar Svansson, fyrrverandi oddviti í Reykjavík, upplifun sína af skipulagsleysinu sem ríkti í flokknum. Sagði hann valddreifinguna „einfaldlega algjört strúktúrleysi sem bauð upp á 'gengjastríð' milli fylkinga eftir fullkomlega ófyrirsjáanlegum reglum“. Það að hætta var svo „ein besta ákvörðun sem hann hefur tekið“.

arib@frettabladid.is

# Þrettán ára þráhyggja



Hildur Björnsdóttir
borgarfulltrúi fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Reykjavík

Laxveiðidagurinn er mikill tyllidagur í Reykjavík. Þá safnast allir sem vettlingi geta valdið að veiðistaðnum. Kvenfólkið var ríðandi í söðlum. Hleyptu þær hestum sínum með undraverðu hugrekki og kjarki“, ritaði enskur ferðamaður árið 1810 um Laxveiðidaginn í Elliðaánum.

Nýverið samþykkti meirihluti borgarstjórnar atvinnuuppbyggingu í Elliðaárdalnum. Borgarstjóri hefur barist fyrir uppbyggingunni í þrettán ár. Íbúar og hollvinasamtök hafa andmælt áformunum. Sjálfstæðisflokkur hefur lagt til friðlýsingu dalsins. Formaður skipulagsráðs telur tilfinningatal um verðmæta náttúru dalsins hjákátlegt enda sé dalurinn manngerður. Öðruvísi mér áður brá.

Elliðaárdalurinn geymir fjölmörg náttúrufyrirbrigði og söguleg kennileiti. Þar má finna minjar um tvö jökulskeið, plöntutegundir sem taldar eru í útrýmingarhættu og 200-300 þúsund ára gamlar skeldýra- og gróðurleifar. Eins má finna fjölbreytt fuglalíf og margvíslegan upprunalegan blómgróður. Það eru kannski þessi fyrirbrigði sem formaðurinn telur manngerð?

Í dalnum má finna Elliðaárnar sem taldar eru með bestu fiskveiðiám landsins. Núverandi farvegir mótuðust þegar Elliðavogshraunið rann, en það er talið 5200 ára gamalt. Það eru kannski árnar sem formaðurinn telur manngerðar? Eða kannski hraunið?

Trjárækt í Elliðaárdal er talin hefjast um 1920. Heimildir herma að ríflega hundrað árum fyrr hafi Reykvíkingar haldið í lystireisur í dalinn á frídögum. Vissulega hefur skógrækt og stígagerð skapað aðgengilegt og skjólgott umhverfi. Virkjun Elliðaánna og uppfylling við Elliðaárósa breyttu einnig náttúrufari. En dalurinn er ekki manngerður – hann varð þýðingarmikill fyrir borgarlífið löngu áður en mannshöndin hóf afskipti.

Nú hefst uppbygging atvinnustarfsemi í Elliðaárdalnum – á svæði sem fremur hefði mátt þróa í samhengi við náttúru dalsins. Það væri óskandi að samstarfsflokkar borgarstjóra hleyptu hestum sínum af sama hugrekki og kjarki og stúlkurnar á Laxveiðideginum – því ekki hafa þeir mótmælt þrettán ára þráhyggju borgarstjóra fyrir atvinnustarfsemi í dalnum. Það er miður.

**En dalurinn er sannarlega ekki manngerður – hann varð þýðingarmikill fyrir borgarlífið löngu áður en mannshöndin hóf afskipti af honum.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FRAMKVÆMDASTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Opið bréf til heilbrigðisráðherra



Reynir Guðmundsson

Undirritaður skrifar þetta opna bréf til Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra til að vekja athygli á því alvarlega ástandi sem hefur skapast á hjarta – og lungnadeild Landspítalans við Hringbraut.

Á dögunum fengu allir ráðherrar ríkisstjórnarinnar og allir þingmenn sama bréf frá undirrituðum. Nokkrir þingmenn hafa séð sér fært að svara bréfinu en enn hefur enginn ráðherra séð sér fært að svara bréfinu. Samkvæmt þeim upplýsingum sem undirritaður hefur þá hefur staðan á deildinni sjaldan verið jafn alvarleg og hún er núna.

Undirritaður er sjúklingur á hjarta- og lungnadeild Landspítala við Hringbraut og hefur þegar þetta er skrifað beðið í margar vikur eftir hjartaaðgerð eða frá því í byrjun júní. Undirritaður hefur verið kominn með aðgerðardag en aðgerð hefur verið frestað. Þetta er ítrekað að gerast og er farið að hafa mikil áhrif á andlega og líkamlega heilsu undirritaðs og jafnframt á aðstandendur sem hafa óneitanlega áhyggjur af ástandinu.

**Hvernig á að tryggja öryggi fólks sem bíður eftir aðgerðum og bregðast við ef slys verða á fólki sem þarfnast umönnunar á gjörgæsludeild?**

Ástæður þess að aðgerðinni hefur ítrekað verið frestað í margar vikur er vegna þess að gjörgæslan getur ekki tekið við undirrituðum að aðgerð lokinni. Bæði vegna þess að fá rúm eru á gjörgæslunni og því miður er staðan sú að þau eru sífellt í notkun. Auk þessa er skortur á sérhæfðum gjörgæsluhjúkrunarfræðingum, m.a. vegna sumarleyfa. Aðgerð undirritaðs er þess eðlis að nauðsynlegt er að undirritaður fái umönnun á gjörgæslu að henni lokinni. Það sama á við fjóra aðra sjúklinga deildarinnar og er því undirritaður ekki einn í þessum aðstæðum.

Undirritaður hefur átt samtal við frábært fagfólk deildarinnar og velt þessari stöðu fyrir sér. Í þessum samtölum hefur það komið fram frá fagfólki að rúm á gjörgæslu séu eingöngu helmingur af því sem þau ættu að vera miðað við þann fólksfjölda sem býr á Íslandi. Samkvæmt fagfólki þá er ekki tekið tillit til þess fjölda ferðamanna sem er í landinu hverju sinni.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem undirritaður hefur þá eru rýmin á gjörgæslunni við Hringbraut einungis sex talsins og undirritaður veit nú þegar um fimm einstaklinga, bara á hjarta- og lungnadeild sem bíða eftir aðgerð og þarfnast umönnunar á gjörgæsludeild að henni lokinni. Þessi staða er með öllu ólíðandi og hættuleg svo ekki sé talað um þau samfélagslegu áhrif sem hún hefur. Hvað kostar það samfélagið að hafa fimm einstaklinga í biðstöðu inni á lungna- og hjartadeild, menn sem gætu verið í vinnu og skilað sínu til samfélagsins?




Undirritaður óskar þess að heilbrigðisráðherra fari vel yfir þá alvarlegu stöðu sem hefur skapast og upplýsi velferðarnefnd Alþingis og þingheim allan um hvernig bregðast eigi við stöðu sem þessari. Hvernig á að tryggja öryggi fólks sem bíður eftir aðgerðum og bregðast við ef slys verða á fólki sem þarfnast umönnunar á gjörgæsludeild?

Undirritaður skrifar þetta bréf í von um að erindi þess verði tekið til greina.

Fyrir hönd þeirra sjúklinga sem liggja inni á lungna- og hjartadeild Landspítala við Hringbraut.

# Skref í sjálfbærri þróun í mannvirkjagerð



Ragnar Ómarsson
byggingarfræðingur hjá Verkís hf. og stjórnarformaður Grænni byggðar

Einn helsti hvatinn að mannvirkjagerð er knýjandi þörf samfélags manna til að veita athöfnum sínum skjól. Mannvirkjagerð er því í eðli sínu samfélagsleg athöfn og er því á ábyrgð okkar allra. Í samfélagi okkar treystum við því að hafa frelsi til athafna. Slíkt frelsi gerir auknar kröfur um samfélagslega ábyrgð þannig að frelsi eins skerði ekki möguleika annarra. Grænni byggð er vettvangur aðila í mannvirkjagerð til þess að axla ábyrgð á athöfnum sínum. Með aðild sinni að Grænni byggð hafa aðilar lýst því yfir að þeir séu reiðubúnir til þess að axla samfélagslega ábyrgð sína og leggja sitt af mörkum við þróun á sjálfbærari mannvirkjagerð. Þegar talað er um þróun er átt við að taka skref í áttina að einhverju markmiði, í þessu sambandi í áttina að aukinni sjálfbærni mannvirkja.

Innlend stjórnvöld hafa með mannvirkjalögum sett markmið um aukna sjálfbærni fyrir umhverfi, efnahag og samfélag sem öllum er unnt að stefna að. Þessi markmið eru þau helst að stuðla að endingu og hagkvæmni mannvirkja með því að miða gerð þeirra við allan líftíma þeirra, ásamt því að lágmarka neikvæð áhrif og tryggja aðgengi fyrir alla. En markmiðssetning dugar ekki til ein og sér og ekki stoðar að bíða eftir því að hið opinbera taki af skarið. Hvert og eitt okkar þarf að gera upp sinn hug og stíga skrefin í áttina að aukinni sjálfbærni. Þannig geta eigendur mannvirkja tekið skref í áttina að þessum markmiðum með því að forgangsraða meginþáttunum þremur; umhverfi, efnahag og samfélagi og setja fram sérstakar óskir um frammistöðu hvers mannvirkis fyrir sig á líftíma þess.

**Mannvirkjum er ætlaður líftími langt umfram þann tíma sem mun taka mannkynið að leysa brýnasta loftslagsvandann.**

Veitendur fasteignalána geta stutt við slíka markmiðssetningu með því að fara fram á að hún sé til staðar við lánaumsókn. Hlutverk hönnuða og ráðgjafa er þá að velja vistvænustu lausnirnar sem falla best að markmiðum eigandans. Verktakar og birgjar geta lagt sitt af mörkum með því að leggja til sjálfbærari aðferðir og nota vistvænna byggingarefni. Loks getur notandi mannvirkis stuðlað að aukinni sjálfbærni með því að fylgja leiðbeiningum um vistvæna notkun mannvirkisins.

Loftslagsvandinn sem nú steðjar að mannkyninu stafar að mestu leyti af framleiðslu og notkun á orku. Mannvirkjum er ætlaður líftími langt umfram þann tíma sem mun taka mannkynið að leysa brýnasta loftslagsvandann. Nú stefna þjóðir heims á að kolefnisjafna athafnir sínar fyrir árið 2050. Við byggjum mannvirki í dag sem við ætlum að nota næstu 100 árin eða lengur. Það er nauðsynlegt að við gefum loftslagsvandanum rækilega gaum en jafnframt þurfum við að horfa lengra fram í tímann og leggja á ráðin við mannvirkjagerð þannig að þörfum nútímans sé mætt án þess að skerða möguleika komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum.

FORD ECOSPORT
SUMARTILBOÐ!

Ford EcoSport býður upp á mikla veghæð sem kemur sér vel í snjó og við aðrar erfiðar aðstæður. Þú situr líka hærra og það er mun þægilegra að ganga um bílinn.

FORD ECOSPORT TITANIUM S
125 HESTÖFL OG SJÁLFSKIPTUR

- Leðuráklæði á sætum
- Xenon aðalljós, nálægðarskynjari að framan og aftan
- Bakkmyndavél
- Hraðastillir
- SYNC3 hljómtæki með raddstýringu og neyðarhringingu
- 7 hátalarar
- 8“ snertiskjár og 4,2“ skjár í mælaborði
- Apple CarPlay og Android Auto
- Bluetooth símabúnaður
- Ford MyKey og starthnappur
- Akstursstölva
- Regnskynjari
- Öryggispúðar í stýri og mælaborði, hliðum framsæta, fyrir hné ökumanns og öryggispúðatjöld í hliðum
- ISOFIX fyrir barnabílstóla í aftursæti
- Dökkar rúður í farþegarými
- Easy Fuel eldsneytisáfyllingarkerfi án bensínloks




brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ford.is

FRÉTTABLAÐIÐ

# SPORT



Óskar Örn Hauksson er heldur vígalegur þessa dagana með vænt og gott glóðarauga sem hann fékk á æfingu. Hann selur þó bíla eins og enginn sé morgundagurinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Liggur ekki á að setja skóna upp í hillu

**Óskar Örn Hauksson, leikmaður KR, spilaði sinn 300. leik í efstu deild gegn Stjörnunni. Hann segist ekki vera byrjaður að líta í baksýnisspegilinn yfir ferilinn sem spannar hartnær tvo áratugi. Hann er þó stoltur að vera á lista yfir leikjahæstu leikmenn efstu deildar.**

**FÓTBOLTI** Óskar Örn Hauksson, leikmann KR, vantar aðeins 21 leik til að taka fram úr Birki Kristinssyni sem leikjahæsti leikmaður í efstu deild á Íslandi. Óskar spilaði sinn 300. leik í efstu deild þegar KR og Stjarnan skildu jöfn, 2:2, á sunnudag. Óskar hefur skorað 73 mörk í þessum 300 leikjum. Alls hefur hann, samkvæmt heimasíðu KSÍ, spilað 423 leiki og skorað 103 mörk, þar af 15 í bikarkeppninni.

„Ég er algjörlega á þeirri blaðsíðu að vera ekkert að pæla í svona hlutum núna. Ég vissi ekki einu sinni af þessum áfanga fyrr en eftir leik þegar ég fór í örstutt viðtal við mbl.is þar sem mér var tilkynnt þetta. Ég man ekki einu sinni eftir fyrsta markinu mínu fyrir KR,“ segir Óskar og hlær. Hann bætir þó við að hann muni vel eftir fyrsta marki sínu í efstu deild. Þess má geta að fyrsta mark hans fyrir KR kom gegn Fram á Laugardalsvelli fyrir 12 árum í 1:1 jafntefli.

Birkir er efstur á blaði þegar kemur að leikjahæstu leikmönnum efstu deildar, svo Óskar, en fyrir aftan hann má finna goðsagnir eins og Gunnar Oddsson, Gunnleif Gunnleifsson, sem er sex leikjum á eftir Óskari, Kristján Finnbogason, Heimi Guðjónsson og Guðmund Steinarsson svo nokkrir séu nefndir.

„Birkir er auðvitað algjör höfðingi og Gunni Odds er goðsögn í Keflavík og KR. Sjálfur er ég alinn upp við að sjá Gunna og félaga spila í Keflavík. Þessir menn eru ekkert að gleymast og það er heiður að vera þarna. Þetta er flottur listi.“

### Líður vel í Krikanum

Aðspurður um sinn uppáhaldsleik af þessum 300 segir Óskar eftir dágóða stund: „Stórt er spurt. Mér líður alltaf vel í Krikanum. Ég hef oft spilað vel þar þó ég hafi ekkert endilega verið að skora. Ég skoraði tvö mörk á móti Val á Hlíðarenda einhvern tímann. Ég þarf að hugsa þetta aðeins. Ég er svo lítið farinn að pæla í hlutunum sem voru.“



### Noregur og Kanada

Óskar fór ungur að árum til reynslu til Coventry. Svo bankaði Noregur á dyrnar og Óskar fór til Molde. Einn veturinn spilaði hann í Kanada, hjá FC Edmonton. „Konan mín bjó í Bandaríkjunum og þetta kom upp og ég stökk á ævintýrið. Fannst það spennandi. Ég var ekkert að fara að sigra heiminn eða neitt – langaði bara að prófa eitthvað nýtt.

Ég fór til Molde 16 ára. Þá ætlaði ég að sigra heiminn. Stabæk vildi svo fá mig en ég fór til Sogndal sem þá var stór klúbbur að berjast um Evrópusæti. Ég stóð mig vel á reynslu og kem þegar er landsleikjahlé. Norðmenn æfa eins og skrattar og voru í skógarhlaupum þegar ég kem og ég var ekkert á sama tempói. Ég hef aldrei verið mikill útihlaupamaður. Ef ég hefði komið beint í leiki þá hefði það verið annað en ég er ekkert að fara sigra heiminn í 10 kílómetra hlaupi. Ástæða þess að ég spilaði lítið hjá Teiti Þórðarsyni er að ég var ekkert með fyrstu mönnum í hlaupunum. Þetta drap mig alveg þessar tvær vikur og ég er bara uppgefinn þegar liðið fer svo að æfa. Svo ég kom heim í Grindavík og pældi ekkert í þessum draumi í töluverðan tíma.“

### Nennir ekki í heitt og kalt

Óskar er alinn upp í Njarðvík og vakti snemma athygli. Hann skoraði fjögur mörk í fjórum leikjum tímabilið 2001 og var orðinn fastamaður í liðinu tímabilið eftir, aðeins 18 ára gamall. Njarðvík fór upp í fyrstu deild þar sem Óskar skoraði sjö mörk í 15 leikjum. Úrvalsdeildin kallaði og hann skipti yfir í Grindavík fyrir tímabilið 2004. Þar voru kempur eins og Albert Sævarsson, Gestur Gylfason, Grétar Hjartarson, Paul McShane, Sinisha Kekic og Óli Stefán Flóventsson svo nokkrir séu nefndir. „Þetta var hörkulið. Þetta var þroskað lið og gæjar sem voru á allt öðrum stað en ég, nýorðinn 19 ára. En það voru líka strákar þarna, Jói Þórhalls og Orri Hjaltalín og fleiri góðir. Þetta var flottur og skemmtilegur hópur.

Ég man að við fórum í æfingaferð til Belgrad fyrir tímabilið þar sem við keyrðum á rútu í heimabæinn hans Kekic þar sem hann var algjör kóngur. Við vorum á ömurlegu hóteli og vorum klukkutíma að keyra á æfingar. Spiluðum við Rauðu stjörnuna meðal annars og þetta var allt mjög skrautlegt. Samt var þetta dásamleg ferð.“

Óskar vakti mikla lukku í efstu deild og skoraði 12 mörk fyrir Grindavík á þeim þremur tímabilum sem hann var þar. KR heyrði í honum hljóðið og þó önnur félög hafi einnig verið á eftir undirskrift hans var hugurinn kominn í Vesturbæinn. Það kom ekkert annað til greina. Þar hefur hann verið í 12 ár og líður vel. Skórnir eru langt frá því að fara upp í hillu.

„Ég var einmitt eftir leikinn við Stjörnuna að hitta tvo gamla vini, Jónas Guðna og Grétar Sigfinn. Við vorum að ræða smá um ferilinn. Það eru bæði hæðir og lægðir í þessu. Þetta hefur verið þannig. Ég hef alveg átt þunglyndissumur út af fótboltanum en heilt yfir hefur þetta verið mjög góður tími.

Ég pæli samt svo lítið í baksýnisspeglinum. Ég er ekkert farinn að skoða fortíðina. Ef ég væri alltaf tæpur eða ökklinn væri alltaf bólginn og það væri erfitt að labba eða eitthvað álíka þá væri ég ábyggilega farinn að hugsa um að leggja skóna á hilluna og skoða ferilinn í einhverju samhengi. En ég er ekki þar. Mér líður vel og það er ekkert vesen.

Ég fer reyndar ekkert í heitt og kalt, aðallega af því ég nenni því ekki. En ég hef alltaf æft vel og mikið, alveg frá því ég var í körfubolta í Njarðvík. Ég var byrjaður í styrktarþjálfun um 13 ára þegar ég fékk æfingar frá Steindóri landsliðsþjálfara í sundi.

Ég hugsa samt vel um mataræðið og svefninn og ég er með alls konar tæki og tól heima til að halda mér við. Svo hef ég verið heppinn með meiðsli.“

Óskar starfar á daginn sem bílasali hjá Sparibíl í Hátúni. Þar er hann mættur klukkan 10 á morgnana. Þó það sé auglýst að bílasalan opni klukkan 12 tekur Óskar úr lás örlítið fyrr. Þegar Fréttablaðið bar að garði var hann að klára að sýna fólki svartan Jeep Wrangler, fjögurra dyra. Geggjaðan bíl.

„Ég er búinn að vera í þessu í töluverðan tíma. Ég er mættur hingað klukkan 10 á hverjum morgni til að græja og gera. Fara með pappíra og græja þetta og hitt. Sparibíll á alla bílana og við erum ekki í umboðssölu og morgnarnir eru nýttir til hinna ýmsu verka.“

benediktboas@frettabladid.is

# Fólk

Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 23. JÚLÍ 2019



Bryndís Sigurðardóttir smitsjúkdómalæknir segir að oftast séu ónæmar bakteríur ekki hættulegar heilbrigðum einstaklingum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Handsprittun einföld vörn gegn bakteríum

Umræðan um ónæmi og fjölónæmi baktería gagnvart sýklalyfjum hefur oft verið áberandi í samfélaginu enda margir sem hræðast ógnina sem getur stafað af slíkum bakteríum. BBL-bakteríur eru stærsta ógnin. 2



Framhald af forsíðu ➜



Sólrún
Freyja Sen
solrunfreyja@frettabladid.is



Sjúklingar eru hvattir til að spyrja heilbrigðisstarfsfólk hvort það hafi hreinsað hendurnar með handspritti. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

MÓSA (meticillín-ónæmir Staphylococcus aureus), VRE (vankómýcín-ónæmir enterókokkar) og BBL (breiðvirkir betalaktamasa-myndandi) bakteríustofnar hafa þróað með sér ónæmi gegn ýmsum sýklalyfjum. Þó að oft sé talað um þessa stofna samtímis eru þeir mjög ólíkir, valda mismunandi sýkingum og mismunandi varúðarráðstafanir gerðar þegar þeir greinast hjá sjúklingum eða öðrum.

Þessar bakteríur eru oftast ekki hættulegar heilbrigðum einstaklingum. Hins vegar er óæskilegt að þær nái útbreiðslu á sjúkrahúsum, þar sem þær geta valdið sýkingum í ákveðnum sjúklingahópum. Hér á landi hafa þessir stofnar náð mismikilli fótfestu en almennt eru þeir miklu sjaldgæfari en annars staðar í heiminum. Það má segja að Ísland og heilbrigðiskerfið hér sé í ákveðinni sérstöðu hvað það varðar.

En hvers vegna hefur heilbrigðisstarfsfólk áhyggjur af dreifingu þessara bakteríutegunda? Bryndís Sigurðardóttir smitsjúkdómalæknir segir það vera mikilvægt að bera ekki ónæmar bakteríur og bakteríur almennt til sjúklinga á sjúkrahúsum sem geta til dæmis verið á ónæmisbælandi meðferð vegna ígræðslna, lyfjameðferðar, með æðaleggi eða opin sár. Þá séu líkur á að sjúklingar fái sýkingar sem geta verið miserfiðar í meðhöndlun. Í heiminum er útbreiðsla BBL-bakteríutegunda langstærsta ógnin af ónæmum bakteríutegundum vegna þess að þær geta verið alónæmar og þá virka fæst sýklalyf á þau. Hér á eftir er greint nánar frá þremur stofnum ónæmra bakteríutegunda.

> „Þetta er mikilvægasta, einfaldasta og áhrifamesta leiðin til að koma í veg fyrir dreifingu sýkinga innan heilbrigðiskerfisins.

### Ónæmar ristilbakteríur

Þarmaflóra manna inniheldur milljónir baktería, þar á meðal gram-neikvæðar bakteríur. Til dæmis eru E. coli gram-neikvæðar bakteríur. Fæstar E. coli-bakteríutegundir valda skaða en sumar geta valdið alvarlegri matareitrun.

BBL eru oftast ristilbakteríur sem hafa fengið ónæmisgen þannig að ýmis sýklalyf verka ekki á þær. BBL valda þvagfærasýkingum, spítalalungnabólgum, blóðsýkingum og kviðarholssýkingum. Útbreiðsla BBL hefur verið mikil í löndum Suður-Evrópu og víða annars staðar í heiminum, sérstaklega í Indlandi og annars staðar í Asíu. Sumar af þessum bakteríum eru al-ónæmar, sem þýðir að fæst sýklalyf virka á þær. Útbreiðslan er talin tengjast einna helst ofnotkun breiðvirkra sýklalyfja í heiminum. Því þurfi að nota sýklalyf á ábyrgari og viðurkenndan hátt, nota sem þröngvirkust lyf og í sem skemmstan tíma. Hér á Íslandi hefur sýklun BBL-baktería aukist á síðustu árum.



Útbreiðsla BBL-bakteríutegunda er langstærsta ógnin af ónæmum bakteríutegundum. NORDICPHOTOS/GETTY

### MÓSA valda minniháttar húðsýkingum



S. aureus er algeng baktería á húð. Hún situr oft í nösum, handarkrikum og undir fellingum án þess að valda skaða. Þessi baktería getur valdið alvarlegum sýkingum í húð og blóði, ef hún kemst inn í líkamann og dreifist þannig í bein, liði og hjartalokur. Meticillín er pensilínlyf sem virkar á S. aureus en var tekið af markaði fyrir um þrjátíu árum vegna aukaverkana.

Önnur lyf eru notuð í staðinn en bakterían hefur myndað ónæmi gegn meticillíni og skyldum lyfjum. Útbreiðsla hennar nær um allan heiminn. Sú afleiða er þekkt sem MÓSA. Algengustu sýkingarnar geta ekki talist alvarlegar en það eru endurteknar minniháttar húðsýkingar. Stundum er reynt að uppræta MÓSA-sýklun, til dæmis hjá heilbrigðisstarfsfólki sem ber bakteríuna á húð, en það hefur gefist misvel.

### VRE-sýklun oftast hjá ónæmisbældum

VRE er enterókokkar sem eru ónæmir fyrir sýklalyfinu vankómýcín. Enterókokkar eru hluti af eðlilegri ristilflóru í mönnum, algengustu sýkingarnar af völdum þeirra eru oftast þvagfærasýkingar. Enterókokkar geta þó líka valdið ífarandi nýrna- og blóðsýkingum sem geta svo valdið sýkingum á hjartalokum og í kviðarholi í kjölfar ýmissa aðgerða. Sýklalyfið vankómýcín er notað ef önnur sýklalyf virka ekki, en sumir enterókokkar hafa fengið ákveðna genabreytingu sem gerir það að verkum að vankómýcín virkar ekki heldur. VRE-sýklun finnst aðallega hjá einstaklingum sem hafa verið lengi á sjúkrahúsi á sýklalyfjum, eru ónæmisbældir og hafa ef til vill farið í margar eða flóknar aðgerðir. Til eru önnur sýklalyf sem verka á VRE. Sýkingar af völdum VRE eru oftast einkenni langvinnra veikinda. Bæði sýklun og sýkingar eru fátíðar hér á landi.

### Átak í handhreinsun á Landspítalanum

Bryndís segir að ónæmar bakteríur séu almennt séð tiltölulega sjaldgæfar hér á Íslandi miðað við annars staðar í heiminum. Ferðamenn geta borið þessar bakteríur með sér, eins geta Íslendingar „sýklast“ á ferðalögum erlendis og borið ónæmar bakteríur í ristilflóru í marga mánuði eftir dvöl erlendis. Þegar sjúklingar eru fluttir frá sjúkrahúsum erlendis á til dæmis Landspítalann er alltaf skimað fyrir tilvist þessara bakteríutegunda. Ef þær finnast er viðkomandi sjúklingur hafður í einangrun á spítalanum til að koma í veg fyrir víðari útbreiðslu. Hins vegar er ekki almennt talin ástæða fyrir fólk að haga sér eitthvað öðruvísi utan spítalans.

Mikilvægasta vörn heilbrigðisstarfsfólks er notkun handspritts reglulega og á milli allra samskipta við sjúklinga. „Þetta er mikilvægasta, einfaldasta og áhrifamesta leiðin til að koma í veg fyrir dreifingu sýkinga innan heilbrigðiskerfisins. Þá erum við að tala um dreifingu baktería milli sjúklinga í gegnum heilbrigðisstarfsfólk.“

Á Landspítalanum er átak í gangi þar sem sjúklingar eru hvattir til að spyrja heilbrigðisstarfsmenn sem annast þá hvort þeir hafi hreinsað hendurnar. „Aðalatriðið er að handhreinsun er ódýr, einföld og áhrifarík leið til að koma í veg fyrir að heilbrigðisstarfsfólk dreifi sýkingum,“ segir Bryndís.




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Benedikt Bóas Hinriksson,** benediktboas@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Ásta Eir Árnadóttir,** astaeir@frettabladid.is, s. 550 5764 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Sólrún Freyja Sen,** solrunfreyja@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

# Hjólablaðið

ÞRIÐJUDAGUR 23. JÚLÍ 2019

Kynningar: Artasan



## Finn ekki lengur til og golfsveiflan í fínu lagi

NUTRILENK GOLD, mest selda liðbætiefnið á Íslandi hefur hjálpað fjölda Íslendinga sem þjáðst hafa vegna eymsla í hnjám og annarra liðverkja og það fjölgar stöðugt í þessum hópi. Stefán Steinsen náði góðum bata með inntöku á Nutrilenk Gold og finnur ekki lengur fyrir verkjum í hné. →2

Stefán Steinsen hefur góða reynslu af Nutrilenk Gold eftir að hann fékk slitgigt. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Framhald af forsíðu ➪

Nutrilenk Gold er unnið úr sérvöldum fiskbeinum (aðallega úr hákörlum) sem eru rík af virku, nýtanlegu og uppbyggilegu kondrótíni, kollageni og kalki og reynslan hefur sýnt að það er að hjálpa fjölmörgum sem finna fyrir eymslum í liðum, þá sérstaklega hnjám og mjöðmum. Einnig er hægt að fá Nutrilenk Active og Nutrilenk Gel en öll eiga þessi efni það sameiginlegt að geta hjálpað til við að draga úr stirðleika og verkjum í liðum og vöðvum.

## Byggir upp, smyr og mýkir

Nutrilenk Gold hentar vel ef brjósk hefur orðið fyrir hnjaski og með reglulegri inntöku er hægt að viðhalda árangrinum. Grundvallaratriði er þó að brjóskeyðing sé ekki alger. Nutrilenk Active inniheldur hýalúronsýru sem „smyr“ stirða liði og hjálpar fólki sem þjáist af minnkandi liðvökva. Sumir taka það inn eitt og sér eða með Nutrilenk Gold. Nutrilenk Gel inniheldur kondrótín ásamt eucalyptus og engifer og er því bæði kælandi og getur dregið úr bólgum en það hentar bæði á auma liði og vöðva.

Nutrilenk Gold er mest selda liðbætiefnið á Íslandi en það getur hjálpað gegn brjóskvefsrýrnun sem virðist hrjá ótrúlega marga, hvort sem er vegna aldurs, álags eða slyss. Það hefur sýnt sig að þetta bætiefni getur breytt allri líðan og lífi fólks og það bætist stöðugt í hóp þeirra sem hafa öðlast nýtt líf.

## Finn ekki til og golfsveiflan í fínu lagi

Stefán Steinsen náði góðum bata með inntöku á Nutrilenk Gold: Ég var búinn að gutla í innanhússbolta í nokkur ár og var farinn að finna til í vinstra hnénu. Það endaði síðan á því að ég þurfti að hætta þar sem verkurinn var farinn að vera það slæmur að ég gat ekki lengur skokkað. Ég fann fyrir verkjum, bólgnaði upp og svo fór ég að finna fyrir sama verk í golfsveiflunni þannig að á tímabili var ég orðinn hræddur um að golfið væri líka úr sögunni. Fór í röntgen og segulómun og niðurstaðan var sú að ég var kominn með slitgigt og brjóskið orðið mjög lélegt. Þá ákvað ég að kaupa mér Nutrilenk Gold og byrjaði að taka 4 töflur á dag fyrstu 3 mánuðina, síðan 3 eftir það. Finn ekki lengur til í vinstra hnénu og hef ekki fengið verk í nokkra mánuði. Hef prufað að skokka og finn ekki til og eins er golfsveiflan í fínu lagi.



„Ég fann fyrir verkjum, bólgnaði upp og svo fór ég að finna fyrir sama verk í golfsveiflunni þannig að á tímabili var ég orðinn hræddur um að golfið væri líka úr sögunni,“ segir Stefán. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI




Einnig er hægt að fá Nutrilenk Active og Nutrilenk Gel en öll eiga þessi efni það sameiginlegt að geta hjálpað til við að draga úr stirðleika og verkjum í liðum og vöðvum.

> Finn ekki lengur til í vinstra hnénu og hef ekki fengið verk í nokkra mánuði. Hef prufað að skokka og finn ekki til og eins er golfsveiflan í fínu lagi.
>
> Stefán Steinsen

## Byggingarefni brjóskvefs

Helstu innihaldsefnin í Nutrilenk Gold eru kondrótín, kollagen og kalk en til þess að gera þessi innihaldsefni eins virk og kostur er, þá er efnið meðhöndlað með ensími (hvata) sem smækkar stóru mólekúlin og gerir það frásogunarhæft og virkt sem frábært byggingarefni fyrir brjóskvef. Að auki inniheldur Nutrilenk Gold C-vítamín, D-vítamín og mangan til að auka virkni efnisins sem mest.




MAGNESÍUM frá BetterYou

Getur verið slakandi, dregið úr krömpum og fótapirringi ásamt því að bæta svefn.




Olíuúði – Fyrir alla sem finna fyrir eymslum og þreytu í vöðvum.

Olíuúði – Fyrir íþróttafólk og þá sem stunda mikla hreyfingu. Flýtir endurheimt vöðva.

Olíuúði – Fyrir svefninn. Stuðlar að meiri ró og hefur reynst vel við fótaóeirð.

Gel – Fyrir þreytta og auma vöðva. Hátt magnesíum innihald og hröð upptaka.


Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, | Veffang: frettabladid.is


SHIMANO
TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi
Rolf PRIMA
TRI
TRI VERSLUN
TRI VEFVERSLUN
TRI VERKSTÆÐI
WWW.TRI.IS
VEFVERSLUN
CUBE STEREO
CUBE ATTAIN
CUBE AIM “27.5
CUBE RAFMAGNSHJÓL
ParkTool
ParkTool
CUBE FJALLAHJÓL
TRI VERSLUN
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
Sími:571 8111 Netfang: info@tri.is
DT SWISS
DT SWISS
SPORTVER Akureyri
Vaskur Egilsstaðir
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 10:00 til 16:00



## Góður hnakkur mikilvægur

Fyrir alla hjólreiðamenn getur lélegur eða illa stilltur hnakkur stuðlað að miklum óþægindum. Þessi óþægindi geta leitt til mikils sársauka og valdið meiðslum í framtíðinni. Þess vegna er mikilvægt að stilla hnakkinn rétt til að koma í veg fyrir meiðsli. Það þarf að stilla bæði hæðina og líka hversu aftarlega hnakkurinn er. Ef þú situr á hjólinu með sveifarnar láréttar á lóðrétt lína að liggja framan af fremra hné niður í gegnum öxul pedalans. Með hnakkinn í réttri stöðu fæst best nýting á orku vöðvanna og álagið kemur rétt á hnén sem aftur gerir hjólreiðarnar bæði auðveldari og skemmtilegri heldur en ef orkunni er sóað í rangt átak eða upp koma eymsl í hné eða sitjanda. Ef þú treystir þér ekki til að stilla hnakkinn rétt þá er hægt að leita til sérfræðinga sem geta aðstoðað þig.


Rafhjól eru umhverfisvæn. NORDICPHOTOS/GETTY

## Rafhjól í vinnuna

Rafhjól eru góður kostur fyrir þá sem vilja nýta tímann á leið til vinnu til heilsubótar. Mótorinn á rafhjólum auðveldar fólki að hjóla í mótvindi og upp brekkur og þau eru því kjörin fyrir fólk sem ef til vill miklar fyrir sér að hjóla langar vegalengdir til vinnu upp í móti.

Að notast við rafhjól í stað einkabíls er bæði umhverfisvænt og heilsusamlegt og í sumum tilfellum jafnvel fljótlegra en að keyra til vinnu. Ef hjólað er í gegnum náttúruperlur eins og Elliðaárdalinn eða Fossvogsdalinn geta þeir sem eru á höfuðborgarsvæðinu sloppið við umferðarteppu sem oft skapast á háannatímum í borginni.

Margir mikla eflaust fyrir sér verðið á rafhjólum en þau er hægt að fá á misjöfnu verði í ýmsum útivistarverslunum. Einnig geta laghentir keypt sér mótor og aðrar nauðsynlegar græjur og breytt eigin hjóli í rafhjól.

Á YouTube eru ýmis kennslumyndbönd í hvernig á að bera sig að við það. Reykjavíkurborg hefur einnig lánað fólki rafhjól í sumar og fyrrasumar og samkvæmt upplýsingum frá borginni hefur það gefist vel.

# Hjólreiðar bæta heilsuna

**Það er heilsusamlegt að hjóla í vinnuna en einungis ef hún er í meira en eins kílómetra fjarlægð. Fólk ætti að hjóla til og frá vinnu alla daga ársins þegar veður leyfir.**


Það er heilsusamlegt að hjóla. Hjólreiðar minnka líkur á hjarta- og æðasjúkdómum, offitu, sykursýki og háum blóðþrýstingi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Tvenns konar rannsóknir sem gerðar hafa verið í Skandinavíu sýna að hjólreiðar hafa mjög góð áhrif á heilsuna. Ef hjólað er til og frá vinnu minnka líkur á hjarta- og æðasjúkdómum til muna. Hreyfingin kemur einnig í veg fyrir háan blóðþrýsting, hátt kólesteról og sykursýki.

Samkvæmt danskri rannsókn hafa hjólreiðarnar áhrif þótt ekki sé hjólað nema einu sinni í viku. Ef fólk velur reiðhjólið í staðinn fyrir bílinn minnkar það sömuleiðis mengun. Að hjóla í og úr vinnu sparar að auki þann tíma sem annars myndi fara í heimsókn í líkamsræktarstöð. Þá losnar fólk við að leita að bílastæði.

„Flestir vita að það er mjög gott fyrir samfélagið ef fleiri hjóla. Heilbrigðisyfirvöld ættu að hvetja fólk til að nota hjólið meira til að komast á milli staða,“ segir Kristian Overgaard, lektor við íþróttadeild háskólans í Árósum. Eins og kunnugt er nota Danir reiðhjólið mikið. „Hjólreiðar draga úr mengun sem er mikið vandamál í öllum helstu borgum heimsins. Á mörgum stöðum í Asíu var hjólreiðamenning sem nú hefur breyst í notkun á vespum og bílum,“ segir hann.

Í dönsku rannsókninni voru 53.723 sem svöruðu á aldrinum 50-65 ára en hún var gerð á löngum tíma. Þátttakendur voru spurðir um hjólavenjur og heilsu, fimm árum seinna og síðan enn aftur eftir 15 ár. Þeir sem hjóluðu reglulega voru í 11-18% minni hættu á að fá hjartasjúkdóma en þeir sem ferðuðust í bílum.

Í annarri rannsókn sem gerð var í Svíþjóð voru aðeins færri þátttakendur eða 23.732 en meðalaldur þeirra var 45,5 ár.

> Ef hjólað er til og frá vinnu minnka líkur á hjarta- og æðasjúkdómum til muna.

Könnunin var framkvæmd á tíu árum og sýndi glögglega að þeir sem hjóla reglulega eru betur á sig komnir heilsufarslega séð en þeir sem ferðast um á bílum.

**Reiðhjólafólkið var í:**

- 39% minni hættu á offituvandamálum
- 11% minni hættu á háum blóðþrýstingi
- 20% minni hættu á háu kólesteróli
- 18% minni hættu á sykursýki

Báðar rannsóknirnar sýna að þeir sem eru öflugir hjólreiðamenn eru með betri heilsu en þeir sem ferðast um í bílum. Því meira sem hjólað er þeim mun betri heilsa. Ekki voru skoðaðar aðrar lífsstílsvenjur svo sem reykingar, áfengisdrykkja eða mataræði.

Þótt rannsóknirnar séu gerðar á miðaldra fólki og eldra þá gilda sömu heilsufarsniðurstöður fyrir yngra fólk og eldra. Hjólreiðar eru góðar fyrir alla. Þá taka vísindamenn það fram að öll hreyfing bæti heilsu og þeir sem ganga til vinnu eru líka að bæta heilsuna.



## Bílar & Farartæki

SUZUKI



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

KRÓKUR

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bilauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

### Húsbílar



Til sölu Ford 450 húsbíll árg. 2008, ekinn aðeins 19 þús km. Glæsilegur bíll uppl. hjá Bílasölunni á Akranesi 431-2622

### Hjólhýsi



**HJÓLHÝSADRIF MOVER.**
Kronings mover 18501 HD, góður fyrir 2,5 tonn. Tilboðsverð 169.000 kr, aðeins á meðan birgðir endast.
**Upplýsingar hjá kriben@simnet.is eða sími 863-4449**



**HJÓLHÝSI.COM**
Trigano uppblásin fortjöld á frábæru tilboðsverði.

Bali XL Verð: 125.000 kr.
Lima 300 Verð: 129.000 kr.
Lima410 Verð: 159.000 kr.

Innifalið í verði Þakklæðning, gólfteppi, svuntur, pumpa, stangir, hælar og taska.

Takmarkað magn eftir!

Nú fer hver að verða síðastur að næla sér í tjald.
**Bæjarhraun 24**
**Sími: 8634449**
**Netfang: www.hjolhysi.com**



**HJÓLHÝSI.COM**
Stórglæsilegt nýtt Hobby Landhaus til sölu

Einstakt hús með:
Aldi hitun
Tveimur rafgeymum
Sólarsellum
12V Rafgeymum
Sturta
Salerni
Ískápur
Útvarp
Sjónvarp

Húsið er til afgreiðslu strax.
**https://www.facebook.com/hjolhysi/**

**Sími 8634449**

## Þjónusta

### Pípulagnir

**PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA**
Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Bólstrun

**Svampur.is**
Bjóðum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:
• Tjaldvagninn • Fellihýsið
• Húsbílinn • Bátinn
• Hjólhýsið • Sumarhúsið
• Heimilið o.m.fl!
Fljót og góð þjónusta
Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321


# STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Garðaskóli**
- Íþróttakennari vegna forfalla

**Hofsstaðaskóli**
- Skólaliði
- Stuðningsfulltrúi

**Sjálandsskóli**
- Stuðningsfulltrúar

**Urriðaholtsskóli**
- Leikskólakennarar
- Háskólamenntaðir leiðbeinendur

**Leikskólinn Bæjarból**
- Leikskólakennari

**Leikskólinn Hæðarból**
- Þroskaþjálfi eða starfsmaður með aðra uppeldismenntun

**Heimili fatlaðs fólks**
- Forstöðumaður – afleysing

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is.**

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS


Skipulagsstofnun

## Mat á umhverfisáhrifum
### Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin
**Niðurrif togarans Orlik í Njarðvíkurhöfn**
skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **26. ágúst 2019.**

# TIL SÖLU



**Volvo 9500 hópbifreið til sölu**
Mjög gott eintak af Volvo 9500 nýskráð 04.2012 ekinn aðeins 125 þús km. Farþegafjöldi 51+1+1 vel búin með kæli, afþreyingarkerfi,WC og þráðlausu hljóðkerfi.
**Verð.18,9 millj + VSK**
**Upplýsingar í síma 892-1559**


Vissir þú að...
Barnaheill
Save the Children á Íslandi
börn eiga rétt á að leika sér





# VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?

## Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

**Traust og fagleg starfsmannaveita**
sem þjónað hefur íslenskum fyrirtækjum í áraraðir

Suðurlandsbraut 6, 108 Rvk | S. 419 9000 | info@handafl.is | **handafl.is**

HANDAFL
STARFSMANNAVEITA

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**HÚSA - VIÐGERÐIR**

NÝSMÍÐI-VIÐGERÐIR-VIÐHALD AÐ UTAN SEM INNAN

* STEYPU/MÚRVIÐGERÐIR
* KLÆÐNINGAR : ÞÖK /VEGGI
* GLUGGAR/GLER
* INNRÉTTINGAR OG FL.

ÖRUGG OG FAGLEG ÞJÓNUSTA 30 ÁRA REYNSLA

TILBOÐ - TÍMAVINNA

UPPL. S : 8583300 serfagehf@gmail.com

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

Til leigu 10 fm herbergi frá 1. ágúst í Austurbænum. Frekari uppl. s: 862-7504

## Atvinnuhúsnæði

**FRÍSTUNDABIL.**

TIL LEIGU EÐA SÖLU 50 m2 bil.

Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m.

Lager eða geymsla.

Leiga: 99 þús. Facebook: Steinhella 14. Sími: 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is













ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

UMHVERFISMERKI 141 825 Prentgripur

Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

Ísafoldarprentsmiðja er umhverfisvottuð prentsmiðja af Svaninum, norræna umhverfismerkinu. Við erum aðilar að Rammasamningi Ríkiskaupa og Rammasamningi Reykjavíkurborgar.
Við framleiðum dagblöð, bækur, tímarit, bæklinga, umbúðir, veggspjöld, bréfsefni, umslög, nafnspjöld, fjölpóst og margt fleira.

# NÝLEGIR TOYOTA YARIS **2017***

Örfáir bílar eftir

Til afgreiðslu **strax**
**Komið** og reynsluakið

**Allt að 100% lánamöguleikar**

AÐEINS **19 ÞÚS** Á MÁNUÐI** 80%lán




**Vel búnir**

√ Bluetooth √ Hiti í sætum √ Akreinavari
√ Árekstrarvari √ USB og Aux tengi √ Til í ýmsum litum

Yaris 1,0 bensín beinskiptir árg 2017 eknir frá 43 þús.
Bíll á mynd getur verið frábrugðin sölubíl

VERÐ FRÁ KR.
**1.390** ÞÚS. STGR.

** Miðað við 80% lán til 84 mánaða - Árleg Vaxtakjör 7,95%. ÁHK 9,64%

**586 1414**
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

**kaffi á könnunni**
opið mán-fös 10-18

2017-2018 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptablaðið Keldan

**STÓRA BÍLASALAN**
*...á verði fyrir þig!*



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, fósturmóðir, dóttir, systir og frænka,

**Ásdís Íshólm Ólafsdóttir**

launafulltrúi hjá ÁTVR,
Bleikjulæk 25, Selfossi,

lést föstudaginn 19. júlí á líknardeild Landspítalans. Útför hennar fer fram frá Selfosskirkju föstudaginn 26. júlí kl. 13.00.

**Ólafur Gunnar Pétursson**
**Andrea Katrín Ólafsdóttir**
**Ólafur Íshólm Ólafsson**
**Andri Snær Ólafsson**
**Auður Sólrún Ólafsdóttir** **Magnús Níels Sigurðsson**
**Ólafur Íshólm Jónsson** **Katrín Erla Gunnlaugsdóttir**
**Auður Ólafsdóttir** **Guðlaugur Stefánsson**
**Dagný Björk Ólafsdóttir** **Gunnar Bragi Þorsteinsson**
**Elfa Íshólm Ólafsdóttir** **Halldór Halldórsson**
**Harpa Íshólm Ólafsdóttir** **Gissur Kolbeinsson**
**og frændsystkin.**



✝

**Óskar Ellert Karlsson**

Miklubraut 20, Reykjavík,

lést á hjartadeild Landspítalans við Hringbraut föstudaginn 12. júlí síðastliðinn. Útför hefur farið fram. Bestu þakkir til Guðbjargar, Aðalsteins og starfsfólks Miklubrautar 20, Ingva Kristins og Einars Leós fyrir hlýju og umhyggju í garð Óskars.

**Aðstandendur**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*




ÚTFARARSTOFA ÚFR REYKJAVÍKUR

Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn




ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Útfararþjónusta*
*& lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

Útfararstofa Kirkjugarðanna
Klettaskóli, Suðurhlíð 9, Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.




**Þau reka Hornið: Hlynur Sölvi Jakobsson, Jakob Magnússon, Valgerður Jóhannsdóttir og Ólöf Jakobsdóttir.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hornið fagnar 40 árum

**Veitingastaðurinn frumkvöðull í ítalskri matargerð hér á landi. Afmælistilboð og gleði í allan dag.**

Veitingastaðurinn Hornið á horni Hafnarstrætis og Pósthússtrætis fagnar 40 ára afmæli í dag og er því með elstu veitingastöðum landsins.

**Bjart yfirbragð með ítölskum blæ**

Veitingamaðurinn Jakob H. Magnússon, sem á Horninu ásamt fjölskyldu sinni, segir að staðurinn hafi verið frumkvöðull í að bjóða ítalskan mat.

Staðurinn var opnaður 23. júlí 1979. Jakob og eiginkona hans, Valgerður Jóhannsdóttir, fluttu þá um vorið heim frá Danmörku. Jakob hafði kynnst þessari matargerð þegar hann vann á ítölskum veitingastað í Kaupmannahöfn.

„Hugmyndin var að opna stað sem hefði létt og bjart yfirbragð en með ítölskum blæ,“ segir Jakob. „Hálfu ári eftir að Hornið fór af stað opnuðum við gallerí í kjallaranum. Við erum með tvo sali, Gallerííð og Djúpið, en í Djúpinu er boðið upp á pitsu- og pastahlaðborð og fleira fyrir hópa.“

Staðurinn var opnaður í samstarfi við Guðna Erlendsson, frænda Jakobs. „Guðni flutti út til Danmerkur nokkrum árum síðar en við hjónin héldum rekstrinum áfram og stöndum enn vaktina.“

Sömu eigendur hafa átt Hornið allt frá upphafi. „Við höfum verið á sama nafnnúmeri og kennitölu allt frá upphafi,“ segir Jakob. „Í því starfsumhverfi veitingastaða sem nú er ætti það að þykja merkilegt. Ég er stoltur af þessu.“

**Ítölsk matargerð var lítt þekkt**

„Hornið var fyrsti veitingastaðurinn sem bakaði pitsu fyrir framan gesti í sal. Lasagne var til að mynda meira og minna óþekkt. Ítölsk matargerð var lítið þekkt á Íslandi. Það tíðkaðist í raun allt önnur matargerð,“ segir hann.

Jakob segir að sérhæfingu í pitsum og pasta, með úrvals hráefni og góðum mat, hafi verið vel tekið allt frá upphafi. Hornið var bjartur og opinn veitingastaður ólíkt því sem þá tíðkaðist. Þá voru veitingastaðir gjarnan með bása og þykkar gardínur.

„Veitingahúsaflóran var fremur fátækleg. Hér hefur orðið bylting í fjölbreytni með veitingastöðum í hverju rými í miðbænum,“ segir Jakob.

Hornið er fjölskyldufyrirtæki. Hlynur, eldri sonurinn, er með föður sínum í rekstrinum og í eldhúsinu. Sá yngri, Jakob Reynir, starfar sem þjónn. Dóttirin Ólöf er matreiðslumeistari eins og Jakob. Á Horninu vinna 16 starfsmenn.

**Opið hús í dag og tónleikar í Djúpinu**

„Við erum með opið hús í dag frá klukkan fjögur fram eftir kvöldi. Ætlum að bjóða upp á pitsur og annað góðmeti fyrir gesti og gangandi. Það eru allir velkomnir. Síðan eru tónleikar í kjallaranum í Djúpinu fram á nótt,“ segir Jakob.

**david@frettabladid.is**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**Nanna Jónsdóttir**

kennari,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 12. júlí. Útförin fer fram frá Áskirkju fimmtudaginn 25. júlí klukkan 13.

**Valdimar Ólafsson**
**Jón Ólafur Valdimarsson** **Nathalie Monika Moser**
**Þorvaldur Örn Valdimarsson** **Eydís Benediktsdóttir**
**og barnabörn.**



✝

Af heilum hug þökkum við öllum þeim sem hafa sýnt okkur hlýju og vinarhug við fráfall okkar ástkæra

**Árna Sverris Erlingssonar**

húsasmíðameistara og kennara.

Megi góðar vættir fylgja ykkur.

**Sigríður Sæland**
**Hulda, Rannveig**
**og fjölskyldur.**



✝

Ástkær dóttir mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Auður Anna Konráðsdóttir**

lést á Landspítalanum 11. júlí sl. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Laufey Sigríður**
**Konný og Markús**
**Kristín og Þráinn**
**Klara og Davíð**
**Konni og Drífa**
**Elvar Aron**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Hanna Sigríður Hofsdal Karlsdóttir**

Geitastekk 6, Reykjavík,

lést á Landspítalanum fimmtudaginn 11. júlí. Útför fer fram frá Háteigskirkju miðvikudaginn 24. júlí kl. 13.00.

**Magnús L. Sveinsson**
**Ágúst Kvaran** **Ólöf Þorsteinsdóttir**
**Sveinn Magnússon**
**Sólveig Magnúsdóttir**
**Einar Magnús Magnusson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Brekkugata 1- 3 Garðabæ




## VERÐ FRÁ 49.900.000 KR. - AFHENDING Í SEPT 2019

**Nýtt staðsteypt 25 íbúða lyftuhús á fjórum hæðum við Brekkugötu 1-3 í Urriðaholti Garðabæ. Íbúðirnar eru á bilinu 81 - 141 fm. og fylgir flestum þeirra stæði í bílageymslu. Við hönnun hússins var mikið lagt upp úr góðri nýtingu fermetra og er skipulag íbúða einkar gott. Íbúðirnar eru til afhendingar í september 2019**







LIND FASTEIGNASALA



**Diðrik Stefánsson**
löggiltur fasteignasali
647 8052
diddi@fastlind.is



**Halldór K. Sigurðsson**
löggiltur fasteignasali
618 9999
halldor@fastlind.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjudagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur (m/s) |
|---|---|---|
| Reykjavík | 13 | 2 |
| Ísafjörður | 10 | 5 |
| Akureyri | 11 | 2 |
| Egilsstaðir | 10 | 3 |
| Kirkjubæjarkl | 13 | 4 |
| Hveravellir | 11 | 5 |

Norðaustlæg eða breytileg átt, 3-8 m/s og dálítil væta NA-lands, annars skúrir á víð og dreif, en bjartviðri NV til. Bjart með köflum V-lands á morgun, annars skýjað og smá skúrir, en síðdegisskúrir SV til. Hiti 8 til 18 stig, hlýjast SV-lands.

## Miðvikudagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur (m/s) |
|---|---|---|
| Reykjavík | 16 | 3 |
| Ísafjörður | 6 | 5 |
| Akureyri | 9 | 2 |
| Egilsstaðir | 6 | 8 |
| Kirkjubæjarkl | 11 | 2 |
| Hveravellir | 7 | 11 |

## Fimmtudagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur (m/s) |
|---|---|---|
| Reykjavík | 13 | 2 |
| Ísafjörður | 6 | 5 |
| Akureyri | 8 | 2 |
| Egilsstaðir | 12 | 3 |
| Kirkjubæjarkl | 11 | 1 |
| Hveravellir | 10 | 5 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 7 | 2 | | | | 6 | |
| | | 4 | | | 6 | 7 | | 5 |
| | 9 | | | 3 | | | | |
| | | 9 | | | | | | |
| 4 | 6 | | | | | 3 | 8 | |
| 2 | | | 4 | | | 9 | | |
| 7 | 5 | | 1 | 9 | 2 | 8 | | |
| | 3 | 8 | | | | 1 | | |
| 1 | | | 8 | 7 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 5 | | | 6 | | 3 |
| | 1 | | 8 | | 6 | | | 4 |
| 8 | | 7 | | 3 | | | | |
| | 4 | 2 | | | 7 | | | 6 |
| 1 | 3 | | | | 9 | 2 | | |
| | | 8 | | | | | | |
| | | | 1 | | | 5 | | |
| | | 1 | | | | 8 | | |
| 6 | 9 | | | 2 | 8 | | 3 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 1 | | 6 | | |
| | 3 | 6 | | | 8 | | | 2 |
| | | 9 | | | | | | 5 |
| | | | | | | 8 | | |
| 3 | 1 | 8 | | | 2 | 9 | | |
| | | 7 | 3 | | | | 6 | |
| 4 | | | 7 | | 5 | | 1 | |
| | 9 | 5 | | 4 | | | | |
| | 8 | | | | | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 Spott
5 Hugfólginn
6 Hljóm
8 Ríki í Afríku
10 Titill
11 Gyðja
12 Fjögur
13 Skyldi
15 Rauður
17 Þrælkun

**LÓÐRÉTT**
1 Atyrðir
2 Smábátur
3 Gröm
4 Tímabil
7 Orðstír
9 Glundroði
12 Kjáni
14 Ringulreið
16 Tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1 skens, 5 kær, 6 óm, 8 angóla, 10 ma, 11 rán, 12 fern, 13 ætli, 15 rjóður, 17 ánauð.
**LÓÐRÉTT:** 1 skammar, 2 kæna, 3 erg, 4 sólar, 7 mannorð, 9 óreiða, 12 flón, 14 tjá, 16 uu.

## Skák Gunnar Björnsson

Simagin átti leik gegn Dsagurov í Moskvu árið 1936

**1…. Rg3! 2. Kxg3 Bxe1+ 3. Dxe1 Hxb1 0-1.** Jóhann Hjartarson hefur byrjað vel á Xtra-con-mótinu á Helsingjaeyri og hefur fullt hús eftir 3 umferðir. Guðmundur Kjartansson hefur 2½ vinning og Hilmir Freyr Heimisson hefur 2 vinninga. Vignir Vatnar Stefánsson hefur byrjað vel á móti á Írlandi og hefur 2½ vinning eftir 3 umferðir
**www.skak.is:** Íslendingar tefla erlendis

**Svartur á leik**



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 2 | 8 | 6 | 5 | 4 | 1 | 3 |
| 4 | 3 | 6 | 1 | 7 | 9 | 2 | 5 | 8 |
| 1 | 5 | 8 | 4 | 2 | 3 | 6 | 7 | 9 |
| 8 | 2 | 9 | 5 | 1 | 4 | 7 | 3 | 6 |
| 3 | 1 | 4 | 7 | 8 | 6 | 5 | 9 | 2 |
| 5 | 6 | 7 | 9 | 3 | 2 | 1 | 8 | 4 |
| 9 | 4 | 1 | 6 | 5 | 8 | 3 | 2 | 7 |
| 2 | 8 | 5 | 3 | 4 | 7 | 9 | 6 | 1 |
| 6 | 7 | 3 | 2 | 9 | 1 | 8 | 4 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 3 | 6 | 9 | 4 | 2 | 1 | 5 |
| 2 | 5 | 1 | 3 | 7 | 8 | 4 | 9 | 6 |
| 9 | 4 | 6 | 1 | 2 | 5 | 7 | 3 | 8 |
| 3 | 9 | 4 | 2 | 1 | 6 | 8 | 5 | 7 |
| 5 | 6 | 2 | 7 | 8 | 9 | 3 | 4 | 1 |
| 1 | 7 | 8 | 5 | 4 | 3 | 6 | 2 | 9 |
| 4 | 1 | 7 | 8 | 5 | 2 | 9 | 6 | 3 |
| 8 | 3 | 9 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 2 |
| 6 | 2 | 5 | 9 | 3 | 7 | 1 | 8 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 9 | 1 | 2 | 4 | 3 | 7 | 5 | 6 |
| 2 | 4 | 7 | 8 | 5 | 6 | 9 | 1 | 3 |
| 3 | 5 | 6 | 7 | 1 | 9 | 2 | 8 | 4 |
| 7 | 1 | 2 | 6 | 8 | 4 | 3 | 9 | 5 |
| 9 | 6 | 4 | 3 | 7 | 5 | 8 | 2 | 1 |
| 5 | 3 | 8 | 9 | 2 | 1 | 4 | 6 | 7 |
| 1 | 2 | 3 | 4 | 6 | 8 | 5 | 7 | 9 |
| 4 | 8 | 5 | 1 | 9 | 7 | 6 | 3 | 2 |
| 6 | 7 | 9 | 5 | 3 | 2 | 1 | 4 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# LUMAR ÞÚ Á STÓRFRÉTT?

Sendu okkur þá fréttaskot í gegnum frettabladid.is.

Þú finnur hlekkinn undir blaði dagsins eða á slóðinni www.frettabladid.is/frettaskot.

Greiðum **5.000 kr.** fyrir fréttina ef hún birtist í Fréttablaðinu og **10.000 kr.** ef hún birtist á forsíðu blaðsins!




FRÉTTABLAÐIÐ – MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS



Sólveig og Guðrún lögðu saman í bók um vökukonuna í Hólavallagarði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hin endalausa vaka Guðrúnar

**Guðrún Rannveig Stefánsdóttir yrkir um Guðrúnu Oddsdóttur og Sólveig Ólafsdóttir skrifar um þessa merku vökukonu.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Vökukonan í Hólavallgarði er bók sem geymir ljóð eftir Guðrúnu Rannveigu Stefánsdóttur. Aðalyrkisefnið er Guðrún Oddsdóttir, konan sem varð fyrst til að hljóta gröf í kirkjugarðinum og varð vökukona hans. Sólveig Ólafsdóttir skrifar formála og eftirmála bókarinnar.

„Ég vann þetta handrit, eða Vökuljóð eins og ég kallaði þau, þegar ég var í ritlistarnáminu í Háskólanum. Ég vissi að Sólveig hafði verið að grúska í sögu Guðrúnar Oddsdóttur og sýndi henni ljóðin,“ segir Guðrún.

„Mér fannst bálkurinn svo stórkostlegur að hann yrði að koma út á bók og hafði samband við bókaforlagið Sölku og seldi forsvarskonum þess hugmyndina en þær vildu um leið að ég skrifaði formála og eftirmála,“ segir Sólveig.

### Kona hans

Guðrún byrjaði ekki að fást við ljóðagerð að neinu ráði fyrr en hún byrjaði í ritlistarnáminu fyrir nokkrum árum. „Ljóð hafa alltaf heillað mig og ég hef alltaf lesið mikið af ljóðum og skrifað aðeins fyrir sjálfa mig eða fyrir skúffuna eins og það er kallað. „Ég hef alltaf verið hugfangin af kirkjugörðum sem eru magnaðir og ljóðrænir staðir,“ segir hún. „Mér fannst sagan um vökumanninn og vökumannsfyrirbærið magnað en Guðrún er vökukona Hólavallagarðs. Vökumaður er fyrsta manneskjan sem grafin er í nýjum kirkjugarði, eins og Guðrún var. Hún var grafin 1838 þegar garðurinn var vígður og um leið varð hlutverk hennar að taka á móti öllum sem á eftir henni komu og vaka yfir þeim.

Ljóðabálkur minn er byggður þannig upp að fyrsti hlutinn fjallar um Guðrúnu og komu hennar í garðinn. Miðjubálkurinn heitir Lífið í garðinum og þar heyrast raddir annarra kvenna í garðinum sem margar hverjar hafa einungis, þegar rýnt er í grafskriftir, titilinn „kona hans" líkt og það hafi verið eina hlutverk þeirra í lífinu. En þessar konur áttu sér án efa marga drauma, leyndarmál og sögur sem ég reyni að gera mér í hugarlund. Þriðji hlutinn fjallar um endalausa vöku Guðrúnar yfir öllum sem þarna hvíla. Ég hugsa ljóðin svolítið eins og minningabrot eða drauma þeirra sem sofa, þó svo að í tilfelli Guðrúnar eigi draumarnir sér stað í andvökunni.“

> **MÉR FANNST SAGAN UM VÖKUMANNINN OG VÖKUMANNSFYRIRBÆRIÐ MAGNAÐ EN GUÐRÚN ER VÖKUKONA HÓLAVALLAGARÐS.**

### Breytt ára

Um hlutverk vökumannsins segir Sólveig: „Vökumannssagan kemur úr Þjóðsögum Jóns Árnasonar og hann segir að þetta sé gömul íslensk sögn og tengir hana aðallega við kirkjugarðinn í Görðum á Álftanesi. Ég hef þá kenningu að þetta sé þýðingarvilla því vökumaður í hugmyndafræði Evrópu er sá sem er grafinn síðastur í garðinum, ekki sá sem er fyrstur grafinn. Samkvæmt þessum evrópsku þjóðsögum fær hann vökumannshlutverk og vakir yfir öllum í garðinum. Hann rotnar ekki og er annaðhvort í rauðum fötum eða grænum og á að vera ófrýnilegur. Vökumaðurinn í Garðakirkjugarði á að hafa verið grafinn úti í horni og það er ekki grafið nálægt honum. Svo þegar þetta gerist í kirkjugarðinum í Reykjavík og um konu er að ræða þá breytist áran og í staðinn fyrir að vera ófrýnileg verður hún allsherjar verndari.“

### Gafst upp

En hver var Guðrún Oddsdóttir. Sólveig svarar því: „Guðrún Oddsdóttir var af rjómaliði íslensks aðals um aldamótin 1800. Eftir að hún yfirgaf föðurhúsin fékk hún starf sem vinnukona hjá Stefáni Stephensen og Mörtu Maríu konu hans og vann sig síðan upp virðingarstigann og gætti barna þeirra. Eftir dauða Mörtu Maríu giftist hún amtmanninum og fóstraði börn þeirra. Hún eignaðist síðan börn með Stefáni. Hún var mikil hannyrðakona og frumkvöðull í vefnaði, góður kokkur og stóð sig mjög vel í húsmóðurhlutverkinu. Eftir dauða Stefáns giftist hún aftur, Þórði Sveinbjörnssyni. Síðan gerist það að börn hennar fimm að tölu fara að deyja eitt af öðru. Þá er eins og hún hafi gefist upp. Hún lést eftir erfið veikindi sem tengdust lifrarsýki, 58 ára og þá orðin gömul kona.“

Guðrún og Sólveig segja að með þessari bók vilji þær halda til haga sögu kvennanna í garðinum sem margar eru nafnlausar og án sögu. „Í gegnum sögu Guðrúnar Oddsdóttur viljum við minnast allra þessara kvenna,“ segja þær.




## Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

## 23. JÚLÍ 2019

### Fræðsla

**Hvað?** Bjórganga
**Hvenær?** 20-21.30
**Hvar?** Stefán Pálsson leiðir gönguna sem hefst við Borgarbókasafnið í Grófinni. Leiðsögn á ensku. Enginn aðgangseyrir.



**Oddur Arnþór Jónsson barítón kemur fram á sumartónleikum Listasafns Sigurjóns Ólafssonar.**

### Tónlist

**Hvað?** Hrifning og höfnun
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Hildigunnur Einarsdóttir mezzósópran, Oddur Arnþór Jónsson barítón og Guðrún Dalía Salómonsdóttir píanóleikari á sumartónleikum Listasafns Sigurjóns Ólafssonar.

**Hvað?** Já jazzkvartett
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Jón Ómar Árnason leikur ásamt félögum í Deiglunni á Akureyri. Aðgangseyrir 3.000.

**Hvað?** Jazzkvöld
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kvartett Sigurðar Flosasonar flytur ýmis lög á KEX hosteli á Skúlagötu.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Frábærir ferðafélagar!




## Foreldað

Aðeins að hita

**1.598 kr./stk.**

**Bónus Súpur**
1-1,2 kg, 5 tegundir

# SAMA VERÐ UM LAND ALLT

BÓNUS®

EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00

**Smáratorg og Skeifan:** Mán-Lau; 10:00-19:00 • Sun; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með **28. júlí** eða meðan birgðir endast.

VALITOR

# SUMARLEIKUR FRÉTTABLAÐSINS!

**Birtu skemmtilega sumarmynd á Facebook eða Instagram af þér eða bara einhverjum að lesa Fréttablaðið í appinu, á vefnum eða á prenti**




**100.000 kr. gjafabréf frá Úrval Útsýn í verðlaun!**

**Merktu myndina #FBLsumar, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook og Instagram og þú gætir unnið**

**Leiknum lýkur 12. ágúst**

FRETTABLAÐIÐ – MEÐ ÞÉR Í SUMAR

#FBLsumar




# DAGSKRÁ

## Þriðjudagur

### RÚV SJÓNVARP

**10.55 HM í sundi** Bein útsending frá HM í sundi í Suður-Kóreu.
**13.25 Sumarið**
**13.45 Útsvar 2015-2016 Norðurþing - Fjarðabyggð**
**14.50 Andri á flandri í túristalandi**
**15.20 Manstu gamla daga?** Söngkvennafans Þáttaröð frá 1991 um sögu íslenskrar dægurtónlistar. e.
**16.05 Ferðastiklur Giljaheimar** Það er líka leitun að öðrum eins giljaheimi og þeim sem er undir Mýrdalsjökli en í það minnsta 25 nafngreind gil eru frá Sólheimajökli að Hafursey. Lára Ómarsdóttir ferðast ásamt föður sínum, Ómari Ragnarssyni, um þennan heim. Þau skoða nokkur þessara gilja, sem mörg hver eru stórbrotin, úr lofti og af láði og slást í för með smölum sem þekkja þennan giljaheim betur en flestir. Umsjón og dagskrárgerð: Lára Ómarsdóttir. Upptökustjórn: Þór Freysson.
**16.45 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps**
**17.00 Íslendingar Bergþóra Árnadóttir** Bergþóra Árnadóttir var söngvaskáld og flutti einkum eigin ljóð og lög en einnig lög sem hún samdi við ljóð annarra. Hún var einn af frumkvöðlum vísnatónlistar hér á landi, söng lög sín og lék á gítar inn á allmargar hljómplötur og hélt hljómleika hér heima og erlendis. Efnið er úr safni Sjónvarpsins. Umsjón og dagskrárgerð: Andrés Indriðason.
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Ósagða sagan**
**18.29 Hönnunarstirnin**
**18.46 Bílskúrsbras**
**18.50 Bækur og staðir**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Sumarið**
**20.00 Geimfarar - Erfiðasta starf í alheiminum**
**21.00 Hamarinn**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Uppljóstrari** Bresk spennuþáttaröð í sex hlutum um Raza, ungan mann af pakistönskum uppruna sem er neyddur til að gerast uppljóstrari fyrir hryðjuverkadeild lögreglunnar. Eftir því sem hann dregst lengra inn í undirheima verður staðan flóknari og hættulegri, bæði fyrir hann sjálfan, fjölskyldu hans og lögreglutvíeykið sem hann starfar fyrir. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.20 Haltu mér, slepptu mér**
**00.05 Dagskrárlok**

### GOLFSTÖÐIN

**08.00 Barbasol Championship** Útsending frá lokadegi Barbasol Championship á PGA mótaröðinni.
**11.00 PGA Highlights** Hápunktarnir á PGA mótunum.
**11.55 The Open Championship** Útsending frá fyrsta keppnisdegi Opna breska meistaramótsins.
**15.55 The Open Championship** Útsending frá öðrum keppnisdegi Opna breska meistaramótsins.
**20.25 2019 Playoffs Official Film**
**21.15 Golfing World** Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
**22.05 Dow Great Lakes Bay Invitational** Útsending frá Dow Great Lakes Bay Invitational á LPGA mótaröðinni.

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Tonight Show**
**09.30 The Late Late Show**
**10.15 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 LA to Vegas**
**13.30 Black-ish**
**13.50 American Housewife**
**14.15 Charmed**
**15.00 90210**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.00 The Late Late Show**
**19.45 The Neighborhood**
**20.10 Crazy Ex-Girlfriend**
**21.00 For the People**
**21.50 Star**
**22.35 I'm Dying up here**
**23.35 The Tonight Show**

### RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Sumarmál. Fyrri hluti**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Sumarmál. Seinni hluti**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Tríó**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Frjálsar hendur Breskir hermenn á Íslandi**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Tengivagninn**
**17.00 Fréttir**
**18.00 Kvöldfréttir**
**18.10 Brot úr Morgunvaktinni**
**18.30 Útvarp KrakkaRÚV**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva**
**20.30 Á reki með KK**
**21.30 Kvöldsagan. Ósjálfrátt. Sögulok**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Sumarmál. Fyrri hluti**
**23.05 Sumarmál. Seinni hluti**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**12.25 So B. It**
**14.05 Lego. The Adventures of Clutch Powers**
**15.30 Lost in Translation**
**17.10 So B. It**
**18.50 Lego. The Adventures of Clutch Powers**
**20.15 Lost in Translation**
**22.00 Passengers**
**00.00 The Mummy**
**01.50 Tale of Tales**
**04.05 Passengers**

### STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.25 Friends**
**07.45 Grey's Anatomy**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Suits**
**10.20 NCIS**
**11.05 Jamie's Quick and Easy Food**
**11.30 It's Always Sunny in Philadelphia**
**11.55 Um land allt**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Britain's Got Talent**
**14.10 Britain's Got Talent**
**14.35 Britain's Got Talent**
**16.35 The Goldbergs**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.45 Sportpakkinn** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**18.55 Veður**
**19.00 Hálendisvaktin**
**19.30 Golfarinn**
**20.00 Modern Family**
**20.25 The Goldbergs**
**20.50 Our Girl**
**21.45 Jett**
**22.40 Knightfall**
**23.25 The Bold Type**
**00.10 Divorce**
**00.45 The Red Line**
**01.30 You're the Worst**
**02.00 The Cry**
**03.00 The Cry**
**04.00 Loch Ness**
**04.45 Loch Ness**
**05.30 Loch Ness** Magnaðir breskir spennuþættir.

### STÖÐ 3

**19.10 Kevin Can Wait**
**19.35 Bob's Burgers**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 One Born Every Minute UK**
**21.40 The Hundred**
**22.25 Supernatural**
**23.10 The Last Ship**
**23.55 Westworld**
**01.05 Kevin Can Wait**
**01.30 Seinfeld**
**01.55 Tónlist**

### STÖÐ 2 SPORT

**08.05 Benfica - Guadalajara**
**09.45 Arsenal - Roma** Útsending frá leik á International Champions Cup.
**11.25 Bayern - Real Madrid**
**13.05 KR - Þór/KA** Útsending frá leik í undanúrslitum Mjólkurbikars kvenna.
**14.45 Pepsi Max mörk kvenna**
**15.50 Liverpool - Sevilla**
**17.30 HK - FH** Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**19.10 HK/Víkingur - Stjarnan** Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild kvenna.
**21.20 Pepsi Max mörk karla**
**22.55 Real Madrid - Arsenal** Bein útsending frá leik á International Champions Cup.
**00.55 Bayern - AC Milan** Bein útsending frá leik á International Champions Cup.

### STÖÐ 2 SPORT 2

**00.55 Guadalajara - Atletico Madrid** Bein útsending frá leik á International Champions Cup.

### ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

THULE SWEDEN

# Hjólagrindur og ferðabox




Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# Bjóða upp treyjur afreksfólks til styrktar góðgerðarfélögum

**Þeir Sturlaugur og Ivan stofnuðu góðgerðarsamtökin Charity Shirts fyrir ári og hafa náð að safna háum fjárhæðum til styrktar hinum ýmsu góðgerðarfélögum. Nú stendur yfir uppboð á treyju landsliðskonunnar Dagnýjar Brynjarsdóttur, þar sem allir geta keypt miða og átt möguleika.**



Sturlaugur segir þá Ivan einstaklega þakkláta öllu því afreksfólki sem hefur gefið treyjur í verkefnið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

Þeir Sturlaugur Haraldsson og Ivan Elí Du Teitsson stofnuðu góðgerðarsamtökin Charity Shirts fyrir einu ári og hafa nú náð að safna rúmlega einni og hálfri milljón króna fyrir hin ýmsu góðgerðarfélög.

Þeir spiluðu fótbolta saman í æsku og langaði að sameina krafta sína í þeim tilgangi að bjóða til sölu treyjur atvinnuíþróttafólks. Til að gera sem flestum kleift að taka þátt án þess að þurfa að reiða fram svimandi háar fjárhæðir ákváðu þeir að fara þá leið að fólk kaupir í raun lottómiða, og á þá möguleika á að vinna treyjuna. Peningurinn sem safnast er svo færður góðgerðarfélagi sem viðkomandi íþróttamanneskja velur. Fréttablaðið heyrði í Sturlaugi og forvitnaðist aðeins um hvernig þetta gengur fyrir sig.

„Þetta virkar sem sagt þannig að fólk kaupir miða á þúsund krónur og má í raun kaupa eins marga miða og það vill. Við fáum nýja treyju á tveggja vikna fresti og drögum út sigurvegarann að þeim tíma loknum í beinni á Facebook,“ segir Sturlaugur, annar stofnenda Charity Shirts.

Íþróttatreyjurnar eru einnig áritaðar af þeirra fyrri eiganda. Sturlaugur segir að þeim hafi þótt mikilvægt að gera öllum kleift að taka þátt.

„Hugmyndin kom frá svipuðum uppboðum á góðgerðarkvöldum, en með því að hafa fyrirkomulagið svona þá eiga allir möguleika á að vinna.“

Hann segir segir að hingað til hafi þeir fyrst og fremst boðið upp á treyjur fótboltamanna- og kvenna.

„Nú getur fólk reynt að eignast treyju landsliðskonunnar Dagnýjar Brynjarsdóttur en uppboðið á henni stendur yfir til 29. júlí. Það gengur alveg svakalega vel að selja lóttómiðana fyrir hennar treyju og stefnir næstum í að slá metið. Það átti Rúrik Gíslason, sem safnaði fyrir Konukot.“

Aðspurður hvort fleiri en Íslendingar hafi sóst eftir treyjunni hans Rúriks segir Sturlaugur að það geti passað.

„Já, það voru áberandi margir frá Suður-Ameríku sem tóku þá þátt,“ segir Sturlaugur hlæjandi og bætir svo við: „Það var svo kona frá Englandi sem vann. Hún var mjög ánægð enda hafði hún keypt nokkra miða.“

Samtökin eru ekki rekin í hagnaðarskyni.

„Við erum líka afar þakklátir öllu því íþróttafólki sem hafur lagt okkur lið sem og bara öllu því góða fólki sem hefur hjálpað okkur að dreifa boðskapnum.“

Sturlaugur segir þá Ivan vonast eftir að geta einnig boðið upp á boli frá handboltaköppum og crossfitfólki.

„Oftast erum það við sem nálgumst íþróttafólkið varðandi það að gefa bol, en það hafa líka nokkrir nálgast okkur eftir að hafa lesið um verkefnið og litist vel á. En fyrirkomulagið er líka þannig að allir græða, íþróttamanneskjan, góðgerðarsamtökin og sá sem vinnur treyjuna,“ segir Sturlaugur að lokum.

Hægt er að kaupa miða og eiga möguleika á að vinna treyju Dagnýjar núna á charityshirts.is.

steingerdur@frettabladid.is

### Sumt af íþróttafólkinu sem hefur lagt verkefninu lið:

- **Albert Guðmundsson**, landsliðsmaður í fótbolta.
- **Gunnhildur Yrsa Jónsóttir**, landsliðskona í fótbolta.
- **Martin Hermannsson**, landsliðsmaður í körfubolta.
- **Rúrik Gíslason**, landsliðsmaður í körfubolta.
- **Sif Atladóttir**, landsliðskona í fótbolta.
- **Aron Jóhannsson**, leikmaður Hammerby IF og bandaríska landsliðsins í fótbolta.




Nú stendur til boða að vinna treyju Dagnýjar Brynjarsdóttur.

GRILLÞEMA

**Föstudaginn 26. júlí** verður grillþema í Fréttablaðinu.

Við verðum með uppskriftir og viðtöl við vana matgæðinga sem gefa góð grillráð.

**Tryggðu þér pláss í langmest lesna blaði landsins.**



**Nánari upplýsingar um blaðið veitir:**
Jón Ívar Vilhelmsson, markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550-5654 / jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

# BLAZIN'
## BACON ZINGER TOWER




**1.299 kr.**

Zinger kjúklingabringa, Blazin' sósa,
kál, salsa, ostur, kartöfluskífa & beikon.

KFC

**1.999 kr.**

Blazin' Bacon Zinger Tower borgari,
3 Hot Wings, franskar, gos & dökkt Hraun.

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 550 5000
Ritstjórn 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild 550 5050 auglysingar@frettabladid.is Prentun Torg. ehf




Póst dreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Hauks Arnar Birgissonar



# Mér finnst

Mér finnst stjórnmálamenn alltof ragir við að segja hluti sem gætu móðgað aðra. Mér finnst fólk reyndar vera alltof móðgunargjarnt, almennt séð. Mér finnst að Íslendingar ættu að mega flytja til útlanda og þess vegna finnst mér að útlendingar eigi að fá að flytja til Íslands. Mér finnst neyðarlegt hversu mikið útlendingar þurfa að greiða fyrir flatkökur með hangikjöti.

Mér finnst mikilvægt að fólk með rangar eða kjánalegar skoðanir hafi rétt til þess að tjá þær. Mér finnst samfélagsmiðlarnir hafa skemmt fyrir góðum samskiptum fólks. Mér finnst að stilla eigi skattheimtu í hóf. Mér finnst að ríkið eigi ekki að eiga fjölmiðla eða reka fyrirtæki í samkeppni við einkaaðila. Mér finnst Trump vera hræðilegur þjóðarleiðtogi. Mér finnst að fólk eigi að fá að kaupa áfengi í matvöruverslunum. Mér finnst óréttlátt að fangelsa fólk fyrir að neyta fíkniefna, þótt það sé heimskulegt og hættulegt að neyta fíkniefna. Mér finnst að fólk eigi að fá að iðka þá trú sem það vill. Mér finnst að fólk megi vera af því kyni sem það sjálft kýs. Mér finnst að fólk megi fá að heita þeim nöfnum sem það vill. Mér finnst að stjórnmálamenn eigi ekki að troða gildismati sínu upp á aðra, að viðlögðum refsingum. Mér finnst að fólk eigi að fá að ráða lífi sínu sjálft, vera frjálst.

Mér finnst vera alltof mikið menntasnobb á Íslandi. Mér finnst að foreldrar þurfi að passa upp á að börn þeirra verði ekki of viðkvæm fyrir áföllum í lífinu. Mér finnst alltof margar ofurhetjumyndir vera í kvikmyndahúsum. Þetta finnst mér, svona í stuttu máli.







